FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
25. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR 2020




# Betri þjónusta, betri samskipti, ánægðari viðskiptavinir.

**Sjóvá** er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni þriðja árið í röð. Hlutverk okkar er að tryggja verðmætin í þínu lífi og við erum stöðugt að gera þjónustu okkar við viðskiptavini betri.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

SJÓVÁ








## Betra kaskó

Við vitum að óvæntir hlutir geta komið fyrir bílinn þinn. Við bjóðum því upp á víðtækari kaskótryggingu sem bætir ýmis tjón sem ekki eru bætt í kaskótryggingum samkeppnisaðila.

| Tjónsatburður | Okkar kaskótrygging | Hjá öðrum |
|---|---|---|
| Hlutir falla á ökutækið | ✓ | ✗ |
| Snjór eða grýlukerti falla af þaki eða þakköntum húsa á ökutækið | ✓ | Mismunandi |
| Fok (annað en vegna lausra jarðefna) | ✓ | Einungis bætt í ofsaveðri |
| Sauðfé, hestar, hreindýr eða nautgripir skemma ökutækið | ✓ | Mismunandi |
| Bolti eða önnur leikföng skemma ökutækið | ✓ | Mismunandi |
| Þjófnaður á einstökum hlutum ökutækis | ✓ | Einungis hljómtæki bætt |
| Málning úðast óvart yfir bíl og skemmir lakkið | ✓ | ✗ |
| Skemmdir sem verða við snjó- og hálkueyðingu | ✓ | ✗ |

# Við tryggjum verðmætin í þínu lífi

**Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi viðskiptavina okkar. Fólk treystir okkur fyrir fjárhagslegu öryggi sínu og að við séum til staðar þegar á reynir.**

Á hverjum degi eigum við í samskiptum við viðskiptavini okkar sem lent hafa í einhverskonar tjóni. Við sinnum starfinu með sanngirni og umhyggju að leiðarljósi og leggjum okkur fram við vingjarnlegt og hlýlegt viðmót. Okkar markmið er alltaf að veita persónulega þjónustu þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins, en þannig bætum við upplifun viðskiptavina.

**Heiðarleg samskipti**

Okkur finnst mikilvægt að eiga í heiðarlegum samskiptum þar sem við útskýrum alla hluti opinskátt. Við lofum engu sem við getum ekki staðið við og bendum viðskiptavinum líka á þau atriði sem eru ekki endilega söluhvetjandi. Við vitum að þannig heiðarleiki getur skilað sér margfalt til baka.



## Farsælt samstarf við Landsbjörgu

Frá því í desember hafa sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar farið í rúmlega **320 útköll** við að bjarga fólki og verðmætum. Við erum þakklát fyrir þeirra ómetanlega framlag og að þau tryggi sitt fólk og hagsmuni hjá okkur.

Sjóvá og Landsbjörg eru í dýrmætu samstarfi um tryggingar og forvarnir og við erum stolt af því að vera aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar.



# Nýjar tæknilausnir sem auðvelda lífið

**Við erum að láta nýja tækni létta okkur lífið, fækka óþarfa ferðalögum viðskiptavina og spara okkur öllum tíma.**

Við erum samt meðvituð um nauðsyn þess að geta talað við fólk þegar þess þarf og höfum við boðið viðskiptavinum okkar upp á fjölbreyttari leiðir til samskipta. Má þar nefna netspjallið á Sjóvá.is, sem var notað rétt tæplega 10.000 sinnum af viðskiptavinum okkar á síðasta ári. Samfélagsmiðlar félagsins eru sömuleiðis nýttir á hverjum degi til þess að mæta þörfum viðskiptavina og eiga í samskiptum við þá.

**Líf- og sjúkdómatryggingar á netinu**

Með stafrænni vegferð síðustu ára höfum við bætt enn frekar þá góðu þjónustu og ráðgjöf sem við leggjum mikinn metnað í að veita. Eitt af fyrstu skrefunum var sala á líf- og sjúkdómatryggingum á vefnum.

Með því varð Sjóvá fyrst tryggingafélaga hér á landi til að bjóða upp á fullt umsóknarferli á netinu.

Fyrir utan þægindi fyrir viðskiptavini okkar þá hefur umsóknum á pappír fækkað mikið með tilheyrandi pappírs- og tímasparnaði, auk þess sem mikil aukning hefur orðið á rafrænni undirritun hvers kyns eyðublaða.



Sífellt stærri hluti tjónstilkynninga berst okkur rafrænt og það einfaldar afgreiðslu mála og flýtir fyrir þjónustu .

FRÉTTABLAÐIÐ
25. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR 2020



Vísindamenn fylgjast grannt með jarðhræringunum á Suðurnesjum eins og þjóðin öll. Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær voru starfsmenn Veðurstofunnar í óðaönn að koma fyrir fleiri mælitækjum á völdum stöðum. Þessu GPS-tæki var verið að koma fyrir í Eldvörpum sem er 10 kílómetra löng gígaröð norðvestur af Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Slysagildra í Egilshöllinni

**FÓTBOLTI** Þjálfarar liða sem eiga að spila í undanúrslitum Reykjavíkurmótsins í Egilshöll í kvöld eru ósáttir við mótsstaðinn. Að þeirra mati er ástand gervigrassins í höllinni slæmt og því munu skærustu stjörnur liðanna mögulega ekki taka þátt í leikjunum vegna meiðslahættu.

Arnar Gunnlaugsson, þjálfari Víkings, og Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, vilja báðir spila leikina utandyra enda er veðurspáin góð. „Grasið er komið til ára sinna og ég er búinn að missa tvo í alvarleg meiðsli. Það er að hluta til gervigrasinu að kenna,“ segir Rúnar og vill sjá sveigjanleika hjá mótsstjórn.

Steinn Halldórsson, verkefnastjóri hjá ÍBR, útilokar að mótsstaðnum verði breytt. Aðspurður um grasið í Egilshöll segir hann það vera í góðu ásigkomulagi. – bb / sjá síðu 14

# Ríkið greiddi bætur í gær fyrir Guðmundar- og Geirfinnsmál

**Alls voru 774 milljónir greiddar úr ríkissjóði í gær til þeirra sem sýknaðir voru í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í Hæstarétti í september 2018 og til maka og barna þeirra tveggja sem látnir eru. Um 41 milljón var greidd vegna lögmannskostnaðar. Bætur til aðstandenda Sævars Marinós voru hækkaðar.**

**GEIRFINNSMÁL** Albert Klahn Skaftason, Guðjón Skarphéðinsson og Kristján Viðar Júlíusson fengu í gær greiddar bætur úr ríkissjóði á grundvelli laga um bætur vegna sýknudóms Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem kveðinn var upp í fyrra. Einnig voru greiddar bætur til maka og barna Tryggva Rúnars Leifssonar og Sævars Marinós Ciesielski. Þetta staðfestir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Við samþykkt laganna tók forsætisráðuneytið við keflinu af ríkislögmanni um ákvörðun bótafjárhæða. Ráðuneytið gerði sjálfstætt mat á þeim fjárhæðum sem sáttanefndin lagði til að greiddar yrðu og vísað er til í athugasemdum með lagafrumvarpinu. Það var niðurstaða þeirrar skoðunar að gera ekki breytingar á bótafjárhæðum nema í tilviki bóta til afkomenda Sævars Marinós og voru þær hækkaðar um alls 15 milljónir. Fá afkomendur hans því samtals 239 milljónir í bætur á grundvelli laganna. Þá var greiddur lögmannskostnaður sem nemur fimm prósentum af bótafjárhæðum. Alls nema greiðslur á grundvelli laganna því 815 milljónum.

Greiðsla bótanna kemur ekki í veg fyrir höfðun dómsmála til heimtingar frekari bóta. – aá

### Fjárhæðir bótanna

Auk bótanna var um 41 milljón greidd í lögmannskostnað. Alls námu greiðslur því 815 milljónum.

| | |
|---|---|
| Albert Klahn Skaftason | 15 milljónir |
| Guðjón Skarphéðinsson | 145 milljónir |
| Kristján Viðar Júlíusson | 204 milljónir |
| Tryggvi Rúnar Leifsson | 171 milljón |
| Sævar Marinó Ciesielski | 239 milljónir |
| **Samtals** | **774 milljónir** |



## Veður




Norðlæg átt yfirleitt 5-10 m/s. Snjókoma með köflum eða dálítil él um landið norðanvert, en léttskýjað að mestu syðra. Frost 0 til 10 stig, kaldast inn til landsins.
SJÁ SÍÐU 18

# Í vetrarskrúða



Veðurguðirnir ákváðu að sýna á sér sparihliðarnar á höfuðborgarsvæðinu annan daginn í röð. Esjan skartaði sínu fegursta en fjallið reyndist þó flagð undir fögru skinni. Síðar sama dag barst tilkynning um að þrír menn hefðu lent í snjóflóði sem féll í Móskarðshnjúkum og hefði einn þeirra grafist undir flóðinu. Sá fannst tæpum tveimur tímum síðar og flutti þyrla Landhelgisgæslunnar hann á Landspítalann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Varaþingmenn flykkjast á þing

**STJÓRNMÁL** Fjöldi varaþingmanna situr nú á Alþingi, vegna þátttöku þingmanna í alþjóðastarfi þessa viku.

Þrír þingmenn, sem sitja fund Evrópuráðsþingsins í Strassborg í vikunni, kölluðu inn sína varamenn.

Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, kallaði einnig inn varaþingmann sinn vegna fundar eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Þá eru sex þingmenn á þriggja daga ráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum. Kölluðu þeir allir inn varamann fyrir sig nema Ásmundur Friðriksson og situr varaþingmaður hans í Suðurkjördæmi, Unnur Brá Konráðsdóttir, því heima. Flokkssystir Ásmundar, Bryndís Haraldsdóttir sem situr sama fund í Færeyjum, kallaði þó sinn varamann inn. **– aá**

### ATHUGASEMD

*Í tilefni af yfirlýsingu Eflingar í gær um úttekt Markaðarins, viðskiptablaðs Fréttablaðsins, á kröfugerð stéttarfélagsins á hendur Reykjavíkurborg, sem það kallar „[pantaða] umfjöllun“, vill ritstjóri Markaðarins taka fram að fullyrðingum Eflingar er alfarið vísað á bug. Það pantar enginn fréttir í Markaðinn. Blaðið stendur við umfjöllun sína að öllu leyti.*

*Úttektinni var ætlað að sýna fram á, eins og blaðamönnum ber að gera í slíkum málum, hvað felst í kröfum Eflingar og setja þær í samhengi við launahækkanir annarra stétta samkvæmt Lífskjarasamningnum sem var samþykktur vorið 2019, meðal annars af Eflingu.*

*Í yfirlýsingu Eflingar er engin tilraun gerð til að leiðrétta meintar rangfærslur í umfjölluninni, þess í stað er ráðist að heilindum blaðamanna Markaðarins. – ritstj.*




Melabúðin stendur við Hagamel.

## Melabúðin vill innlima íbúð

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsfulltrúi skoðar nú umsókn um að tveggja herbergja íbúð í stigaganginum á fyrstu hæð á Hagamel 41 verði breytt í atvinnuhúsnæði.

Í umsókn Melabúðarinnar segir að opna eigi með eldvarnarhurð á milli íbúðarinnar og 49 fermetra rýmis handan stigagangsins sem þegar sé skilgreint atvinnuhúsnæði. Koma eigi fyrir kæli og starfsmannaaðstöðu í íbúðinni og kælum í hinu rýminu. Fjölbýlishúsið Hagamelur 41 til 45 er áfast Melabúðinni sem er á Hagamel 39. **– gar**




# Ofurhugar reyna við tvö heimsmet á Íslandi

**Tveir ofurhugar ætla að reyna við tvö heimsmet á rafmagnseinhjóli á Íslandi í sumar. Slógu nýverið heimsmet á rafmótorhjóli með akstri um 48 fylki Bandaríkjanna. Annar þeirra er leiðsögumaður á Höfn og vill setjast að á Íslandi.**

**SAMFÉLAG** Bandaríski fjallaleiðsögumaðurinn Mike Reid, sem hefur búið á Íslandi í fjögur ár, setti nýverið heimsmet ásamt félaga sínum, Ísraelanum Yonatan Belik. Þeir keyrðu um öll 48 samfelldu fylki Bandaríkjanna á rafmagnsmótorfákum. Þetta er þriðja heimsmet Reids, sem býr á Höfn í Hornafirði, og hyggjast þeir félagar setja tvö til viðbótar á Íslandi á þessu ári.

„Þetta var brjálæði. Þetta voru 15 þúsund kílómetrar,“ segir Reid. „Bandaríkin eru svo stór og svo mörg veðrakerfi. Í köldustu veðrunum vorum við orðnir dofnir á höndum og fótum. Ég datt af hjólinu. Fólk hótaði að skjóta okkur. Svona er Ameríka.“

Eitt sinn lentu þeir í stormi í Nýju-Mexíkó, óttuðust ofkælingu og neyddust til að biðja ókunnuga um húsaskjól. Þarna voru stórir hundar og varúðarskilti. „Ég hélt að við yrðum skotnir þegar Yonatan fór og bankaði upp á. En fólkið bauð okkur velkomið, fæddi okkur og hýsti,“ segir hann.

Reid er upprunalega frá borginni Philadelphia en byssumenningin ytra hugnaðist honum ekki. „Ég valdi Ísland af því að ég fékk ódýran flugmiða,“ segir Reid og hlær. „En ástæðan fyrir því að ég ætla að vera hér út ævina er að Ísland er eins og ævintýraland. Byssuglæpir eru ekki til, heilbrigðisþjónustan er frábær, nánast ókeypis og menntakerfið sömuleiðis. Þetta er frábær staður til að búa á og stofna fjölskyldu.“

Reid starfar hjá Glacier Adventure, sem studdi ferðalag félaganna, og fer á Breiðamerkurjökul með ferðamenn til að fræða þá. „Eitt það besta við að búa hér er að Íslendingar skilja hvað er að gerast með hlýnun jarðar því að þeir sjá jöklana bráðna. Það eru engin átök í stjórnmálunum um þetta og útlendingar vilja heyra frá Íslendingum hvað sé að gerast, því þær upplýsingar eru áreiðanlegar,“ segir hann.




Yonatan og Reid kynntust ýmsu á 15 þúsund kílómetra ferðalagi sínu.

> Þetta var brjálæði. Þetta voru fimmtán þúsund kílómetrar.
>
> Mike Reid, fjallaleiðsögumaður

Uppeldið í bandarísku skólakerfi er ástæðan fyrir því að Reid ákvað að reyna sig við heimsmetin. Sífellt hafi krökkum verið sagt hvað þeir gætu ekki gert og hann vildi storka því. Fyrsta heimsmetið setti hann með þáverandi unnustu sinni, Sigríði Ýri Unnarsdóttur, en þau keyrðu rafsmáhjól 2.500 kílómetra. Annað setti hann með Belik og fleirum, en þeir óku 2.600 kílómetra á rafhlaupahjóli á 24 tímum.

Í maí hyggjast Reid og Belik slá heimsmet hér á landi, það er í að keyra rafmagnseinhjól samfara því að djöggla þremur hlutum, í samstarfi við sirkusmanninn Egil Kaktuz Þorkelsson Wild. Núverandi heimsmet er einn kílómetri. Mánuði síðar ætla þeir að slá annað heimsmet og fara hringveginn á slíku hjóli. „Við ætlum að taka upp sjónvarpsþátt og sýna náttúruna, íslenska glímu og margt fleira,“ segir Reid.

kristinnhaukur@frettabladid.is


Kringlan
ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULO
ÚTSÖLULO
GÖTUMARKAÐUR
OG ÓTRÚLEGT VERÐ
OPIÐ TIL NÍU Í KVÖLD
KONTOR REYKJAVÍK

# Fresta viðburðum vegna kórónaveirunnar

**SAMFÉLAG** Þeim viðburðum sem kínverska sendiráðið á Íslandi hugðist halda vegna kínverska nýársins hefur verið aflýst af öryggisástæðum. Um var að ræða tvo viðburði um helgina sem höfðu verið auglýstir víða. Annars vegar opið hús í Hörpunni, sunnudaginn 2. febrúar frá klukkan 13.30 til 16.00 og hins vegar vorhátíðarsýningin sem fyrirhuguð var í Háskólabíói, mánudaginn 3. febrúar frá klukkan 19.30 til 21.00. Þar átti að koma fram fjöllistahópur frá Innri-Mongólíu.

> Í tilkynningu frá kínverska sendiráðinu er öllum þeim sem sýndu viðburðunum og kínverskri menningu áhuga þakkað sem og fyrir skilninginn gagnvart þessari erfiðu ákvörðun.

Vegna kórónuvírusfaraldursins (2019-nCoV) sem geisar í Kína neyddist fjöllistahópurinn til að hætta við ferðina og ákvað kínverska sendiráðið því að aflýsa báðum áðurnefndum viðburðum til að hindra hugsanlega útbreiðslu veirunnar. Í tilkynningu frá kínverska sendiráðinu er öllum þeim sem sýndu viðburðunum og kínverskri menningu áhuga þakkað sem og fyrir skilninginn gagnvart þessari erfiðu ákvörðun. Þá segir enn fremur að sendiráðið hlakki til að bjóða Íslendingum til þátttöku í kínverskum menningarviðburðum í framtíðinni. **– bþ**



**Fulltrúar Wuhan og Kópavogs innsigla vinabæjarsamband 2007.**

## Taka undir góðar kveðjur til Wuhan

**KÓPAVOGUR** Bæjarstjórn Kópavogs tekur undir góðar kveðjur sem Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri sendi í Fréttablaðinu á þriðjudag til vinabæjarins Wuhan í Kína.

> Hugur bæjarstjórnar er hjá stjórnvöldum og íbúum í Wuhan borg.
>
> Bókun bæjarstjórnar Kópavogs, vinabæjar Wuhan-borgar

„Síðustu daga hafa borist fréttir af hinum ógnvænlega vágesti sem herjar á Wuhan, vinabæ Kópavogs í Kína. Hugur bæjarstjórnar er hjá stjórnvöldum og íbúum í Wuhan borg og er það einlæg ósk og von að stjórnvöldum þar, sem annarstaðar um heim allan, takist að vinna baráttuna gegn þeirri ógn sem kórónuveiran er. Kær kveðja frá bæjarstjórn Kópavogs,“ segir í bókun bæjarstjórnarinnar. Wuhan og Kópavogur hafa verið vinabæir frá árinu 2007. **– gar**

## Haldi sig heima í fjórtán daga

**HEILBRIGÐISMÁL** Sóttvarnalæknir hvetur einstaklinga sem hafa verið í Kína til að halda sig heima í 14 daga eftir komu hingað til lands. Sömu einstaklingar eru hvattir til að hafa samband við heilbrigðisþjónustu ef þeir finna fyrir hita eða einkennum í öndunarfærum. Minnst 132 hafa látist af völdum kórónaveirunnar, er nú búið að greina tæplega sex þúsund tilfelli víða um heim, ekki er þó faraldur í öðrum löndum en Kína.

Engin smit hafa greinst hér á landi. Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra ákváðu á fundi í gær að vinna eftir landsáætlun fyrir heimsfaraldur inflúensu. Talið er að einstaklingar með veiruna geti smitað í allt að tvær vikur áður en þeir finna fyrir einkennum. **– ab**

# Ekki pláss í íslensku samfélagi fyrir kvennabaráttu um kjör

**Efling hafnar afskiptum Samtaka atvinnulífsins af kjaraviðræðum félagsins við borgina. Lífskjarasamningurinn afnemi ekki samningsrétt launafólks. Tilhögun leikskólastarfs, komi til verkfalls, kynnt á morgun. Fundur boðaður á morgun hjá Ríkissáttasemjara. Síðasti fundur fyrir verkföll, segir formaður Eflingar.**

**KJARAMÁL** Fyrsta verkfall um 1.800 félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg hefst í hádeginu næstkomandi þriðjudag hafi samningar ekki náðst fyrir þann tíma. Aðilar áttu árangurslausan fund hjá Ríkissáttasemjara í fyrradag en hittast næst á morgun.

Efling sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem óeðlilegum afskiptum Samtaka atvinnulífsins (SA) af viðræðunum er hafnað. Er þar bæði vísað í grein Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, framkvæmdastjóra SA, sem birtist í Markaðnum í gær og frétt um kröfur Eflingar.

Í fyrrnefndri grein segir Halldór Benjamín að kröfur Eflingar í viðræðunum við borgina ógni Lífskjarasamningnum og að samþykkt þeirra myndi setja allan vinnumarkaðinn í háaloft. Þessum málflutningi hafnar Efling alfarið. Það sé mikill misskilningur að Lífskjarasamningurinn afnemi samningsrétt láglaunafólks hjá sveitarfélögum.

Samkvæmt tilboði samninganefndar Eflingar myndu laun hækka í samræmi við Lífskjarasamninginn, eða um 90 þúsund krónur á mánuði á samningstímanum.

Hins vegar leggur Efling til að laun þessa hóps verði leiðrétt með sérstakri hækkun desemberuppbótar og orlofsuppbótar. Það myndi jafngilda hækkun á bilinu tæplega 22 þúsund til rúmra 52 þúsund króna á mánuði á samningstímanum. Stjórn VR sendi í gær frá sér stuðningsyfirlýsingu við kröfur Eflingar sem Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, er þakklát fyrir.

Þá gagnrýnir hún að kjörnir fulltrúar láti eins og það sé ekkert pláss í íslensku samfélagi fyrir stéttabaráttu. Hér sé um að ræða stéttir láglaunakvenna. „Það er eins og það sé ekkert pláss fyrir kvennabaráttu ef hún felur í sér kjarabaráttu. Þetta er merkilegt að upplifa.“




**Sólveig Anna Jónsdóttir kynnti kröfur Eflingar í Bragganum á dögunum en kostnaður vegna þeirra nemur um fjórum Bröggum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er eins og það sé ekkert pláss fyrir kvennabaráttu af því hún felur í sér kjarabaráttu.
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Aðspurð segir Sólveig Anna að fundurinn á morgun sé væntanlega lokatilraun til að afstýra verkfallsaðgerðum. „Ég reikna ekki með öðru en að það verði síðasti fundur fyrir fyrsta verkfallsdag.“

Sólveig Anna segist leyfa sér að vera bjartsýn á lausn kjaradeilunnar þar sem hún trúi því að við lifum í samfélagi sem kenni sig við réttindi fólks og lýðræði.

„Það var söguleg þátttaka í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. Ekki aðeins tóku næstum því 60 prósent þátt, sem er ótrúlegt, heldur sögðu 95,5 prósent af þeim já við aðgerðum. Ætlar borgarstjóri að láta eins og þessi skýru skilaboð hafi ekki verið send honum og þeim sem fara með völdin í borginni?“ spyr Sólveig Anna.

**sighvatur@frettabladid.is**

### Leikskólastarf gæti raskast

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs borgarinnar, segir að unnið sé að viðbrögðum við hugsanlegum verkfallsaðgerðum. Ljóst er að þær myndu hafa mikil áhrif á starfsemi leikskóla borgarinnar en um þúsund félagsmenn Eflingar starfa þar.

„Þetta er svolítið flókin mynd því hlutfall starfsfólks Eflingar er mjög misjafnt milli leikskóla. Þjónustan verður því með ólíku sniði milli leikskóla en við vinnum hörðum höndum að því að fá þá mynd fram.“

Stefnt sé að því að upplýsingar um tilhögun starfs í leikskólum, komi til verkfalls, liggi fyrir á föstudag og yrði þeim þá miðlað til foreldra. „Þetta er allt í vinnslu en það verður haft víðtækt samráð við stjórnendur um útfærsluna.“

Þá segir Helgi að verkföll gætu haft áhrif á einhverja grunnskóla en þar starfar Eflingarfólk meðal annars í mötuneytum. Í einhverjum tilfellum gætu börn þurft að koma með nesti.

jeep.is

Í tilefni af þriggja ára afmæli Jeep® umboðsins á Íslandi bjóðum við Jeep® Compass Limited hlöðnum lúxusbúnaði á ótrúlegu tilboðsverði

AFMÆLISTILBOÐ 5.990.000 KR. TAKMARKAÐ MAGN

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP® COMPASS LIMITED

- Leðurinnrétting með rafdrifnum sætum
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Hiti í stýri og framsætum
- Íslenskt leiðsögukerfi
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Alpine hljómflutningstæki með bassaboxi
- Sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma
- Svart þak
- 140 hö. diesel, 9 gíra sjálfskipting
- Select-Terrain fjórhjóladrif með 4 drifstillingum
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
- Árekstrarvari
- LED dagljós og LED afturljós
- 18" álfelgur
- Blindhorns- og akreinavari
- Fjarlægðarstilltur hraðastillir
- Leggur sjálfur í stæði



FULLT VERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.424.000 KR. - TILBOÐ: 5.990.000 KR.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

# ALLAR 30%

## FERÐATÖSKUR AFSLÁTTUR!




Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 03. febrúar, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Bretar heimila hið kínverska Huawei í 5G farsímanet landsins

**BRETLAND** Þjóðaröryggisráð Breta hefur samþykkt að kínverski fjarskiptarisinn Huawei komi að uppsetningu 5G háhraðanets landsins.

Ráðið viðurkennir áhættu með viðskiptum við Huawei og vill að gripið sé til öryggisráðstafana. Markaðshlutdeild Huawei í 5G innviðum Breta verði takmörkuð við 35 prósent. Það kunni að skerðast enn meir. Þá verði búnaður fyrirtækisins útilokaður frá viðkvæmum „kjarna“ háhraðanetanna og viðkvæmum her- eða kjarnorkusvæðum.

Ákvörðun Breta hefur mætt mikilli gagnrýni frá Bandaríkjastjórn og ýmsum þingmönnum Íhaldsflokksins. Bandarískar öryggisstofnanir telja líkur á að Huawei geti stundað njósnir fyrir kínversk yfirvöld en því hefur fyrirtækið alla tíð neitað. Þeir hafa því viljað útiloka Huawei með öllu. Ákvörðun Breta er til marks um að herferð Bandaríkjanna gegn Huawei sé ekki að ganga upp.

Síðasta vor hafnaði framkvæmdastjórn ESB að verða við kröfum bandarískra stjórnvalda um að meina Huawei uppbyggingu í álfunni. Ríkjum sambandsins verður gert skylt að deila gögnum sín á milli um netöryggisógnir við uppbyggingu 5G farsímanetkerfis og móta stefnu í meðferð slíkra ógna.

Ástralía hefur orðið við þrýstingi Bandaríkjamanna vegna Huawei en Kanada og Nýja-Sjáland hafa enn ekki tekið ákvörðun þar um.

Bandaríkin hafa fordæmt ákvörðun Breta. Þeir hvetja ríki til að meta vandlega eigið þjóðaröryggi og efnahagsleg áhrif þess að leyfa óáreiðanlegum fyrirtækjum aðgang að mikilvægum 5G innviðum.

Bretar sem vilja halda sterkum tengslum við Bandaríkjamenn á sama tíma og þeir leggja allt kapp á að ná góðum viðskiptatengslum við Kína eru þannig komir upp á milli tveggja stórvelda í harðri keppni um forystu í fjarskiptatækni.

david@frettabladid.is



**Bandaríkin óttast njósnir Kínverja í 5G fjarskiptum.** NORDICPHOTOS/GETTY











Yfirlitsmynd af svæðinu við Stekkjarbakka sem Hollvinasamtökin vildu upphaflega.


Málamiðlunartillaga, mynd fengin af vef borgarinnar.



Myndin sem verður notuð að kröfu borgarinnar.

# Ósætti milli borgar og hollvina um myndaval

Ósætti var um myndaval í tengslum við undirskriftasöfnun Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um íbúakosningu um deiliskipulag við Stekkjarbakka. Samtökin vildu ákveðna ljósmynd en borgin krafðist ítarlegri yfirlitsmyndar.

**REYKJAVÍK** „Við fengum bara þau skilaboð að við yrðum að nota mynd sem væri valin af Reykjavíkurborg,“ segir Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins. Á morgun hefst formlega undirskriftasöfnun samtakanna sem á að knýja fram íbúakosningu um hvort endurskoða eigi deiliskipulag við Stekkjarbakka þar sem til stendur að reisa gróðurhvelfingar Aldin Biodome.

> Það er alveg augljóst að borgin er ekki með okkur í liði.


Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins

Borgarráð samþykkti undirskriftasöfnunina um miðjan mánuðinn með því skilyrði að íbúakosningin væri ekki bindandi, einungis um hvort borgarstjórn ætti að endurskoða deiliskipulagið, annað myndi brjóta skipulagslög. Síðan þá hafa samtökin verið í viðræðum við borgina og Þjóðskrá um fyrirkomulag undirskriftasöfnunarinnar. Eitt af helstu deiluefnunum hefur verið hvaða mynd ætti að nota sem skýringarmynd með undirskriftasöfnuninni.

„Fyrsta myndin sem við stungum upp á er ljósmynd af svæðinu. Ég skil alveg að þeir höfnuðu henni, við ætlum að nota hana til að kynna baráttuna,“ segir Halldór Páll. „Svo stungum við upp á mynd af svæðinu sem borgin sjálf notaði á fundi í Gerðubergi til að kynna skipulagið. Fín mynd sem við fundum á vef borginnar. Það mátti ekki, svæðið sem það sýndi var líklega of stórt. Það er alveg augljóst að borgin er ekki með okkur í liði. Svæðið er orðið pínulítið á myndinni sem borgin vill nota og verður notuð.“

Borgaryfirvöld samþykktu deiliskipulagið fyrir jól. Hollvinasamtökin hafa í rúmt ár gert kröfu um undirskriftasöfnun til að setja málið í íbúakosningu.

Undirskriftasöfnunin hefst á föstudaginn, þurfa samtökin þá að safna 18 þúsund undirskriftum til að fá málið í íbúakosningu.

arib@frettabladid.is



TAX FREE
DAGAR
TAXFREE*
AF ÖLLUM
SKÓM
30. janúar - 3. febrúar
VIKING
Tamaris
NOKIAN
KangaROOS
*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti
HAGKAUP
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Minnkandi orkukaup í gagnaverum

**Raforkukaup viðskiptavina hjá gagnaverum hafa dregist saman. Samdrátturinn nam 10 MW hjá Advania Data Centers. Forstjórinn segir orkuverð ekki samkeppnishæft og að hætt sé við frekari samdrætti hjá gagnaverum. Stórir viðskiptavinir geti ákveðið að leita annað.**

Raforkukaup gagnavera á Suðurnesjum hafa dregist saman á síðasta ári vegna minni eftirspurnar frá viðskiptavinum. Forstjóri Advania Data Centers segir notkun viðskiptavina fyrirtækisins hafa dregist saman um 10 MW frá því í lok árs 2018. Orkuverðið sem gagnaverum býðst á Íslandi sé ekki samkeppnishæft og hætta sé á frekari samdrætti þegar kemur að endurnýjun samninga við stóra viðskiptavini.

„Í okkar tilviki hefur notkun dregist saman um 10 MW frá því í lok árs 2018, án þess þó að viðskiptavinum hafi fækkað eða að nýting á plássi sé lakari hjá okkur. Það er ekki ákvörðun sem Advania Data Centers tekur heldur hafa viðskiptavinir sem leigja hjá okkur aðstöðu ákveðið að draga úr raforkunotkun sinni,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri Advania Data Centers, í samtali við Fréttablaðið.

Fyrirtækið vinnur nú að uppbyggingu nýs gagnavers í hátæknigarði í Kista-hverfinu í Stokkhólmi. Gagnaverið er það fyrsta sem Advania Data Centers reisir erlendis en fyrir eru gagnaver í Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Eyjólfur segir ástæðuna fyrir því að viðskiptavinir séu að draga úr raforkunotkun sinni fyrst og fremst vera hækkandi raforkuverð á Íslandi.

„Þau verð sem bjóðast á íslenskum orkumarkaði hafa verið að hækka og eru orðin of há miðað við okkar helstu samkeppnislönd. Við erum langt frá því að vera samkeppnishæf við Norðurlöndin. Allir stórnotendur ættu finna fyrir því í sjálfu sér,“ segir Eyjólfur og bendir á að orkuverð í miðborg Stokkhólms sé um 20 prósentum lægra en það sem fyrirtækinu bjóðist á Íslandi.

„Almennt séð er mikil eftirspurn eftir raforku en það er aftur á móti minni eftirspurn eftir raforku á þeim verðum sem hafa verið að bjóðast á Íslandi. Gagnaversmarkaðurinn er að vaxa ævintýralega í löndum á borð við Noreg og Svíþjóð en vöxturinn hefur ekki verið eins mikill á Íslandi. Það eru einfaldar ástæður fyrir því og ein af þeim er hátt raforkuverð.“

Samdráttur í raforkunotkun hjá gagnaverum hefur að sögn Eyjólfs verið lítils háttar í stóra samhenginu en hætt er við enn frekari samdrætti ef staðan batnar ekki.

„Það eru ákveðin hættumerki á markaðinum vegna þess að það verður erfiðara og erfiðara að selja orkuna á þeim verðum sem hún býðst á í dag. Menn óttast að sú staða geti komið upp að stórir viðskiptavinir leiti annað þegar kemur að endurnýjun samninga. Ég hef hins vegar fulla trú á því að íslenskir raforkusalar takist á við þetta með okkur og tryggi samkeppnishæfni raforkumarkaðarins og að við náum að byggja upp enn sterkari gagnaversiðnað á Íslandi, en mikil áhersla er á uppbyggingu þessa iðnaðar á Norðurlöndum,“ segir Eyjólfur.



Eyjólfur segir að verðið á flutningi og dreifingu raforku sé mjög óhagstætt á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Menn óttast að sú staða geti komið upp að stórir viðskiptavinir leiti annað þegar kemur að endurnýjun samninga.**

Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri Advania Data Centers



### Engum býðst meðalverð

Orkuverð til notenda er að mestu sett saman af fjórum þáttum: Raforkuverði frá fyrirtækjum á borð við Landsvirkjun, ON, og HS orku; flutningskostnaði Landsnets, dreifikostnaði veitna og sköttum. Á fundi sem Landsvirkjun stóð fyrir um miðjan janúar kom fram að munur á raforkuverði til stórnotenda og minni stórnotenda væri jafnan mikill.

Eyjólfur segir að það sé umtalsverður munur á kostnaði við flutning og dreifingu á raforku á Íslandi samanborið við Noreg og Svíþjóð sem leiðir til þess að heildarorkukostnaður verði umtalsvert lægri í þessum löndum samanborið við Ísland. Auk þess sé í umfjöllun um orkuverð á Íslandi oft dregin upp villandi mynd, samanber það sem kom fram á kynningarfundi Landsvirkjunar nýlega:

„Þar var verið að bera saman verð á stundarmörkuðum (spot) á Norðurlöndum við meðalverð í raforkusamningum sem gerðir eru til margra ára og jafnvel áratuga. Raunin er hins vegar sú að það meðalverð er eitthvað verð sem enginn getur keypt á og er langt undir þeim verðum sem okkur og öðrum nýlegum stórnotendum bjóðast.“

thorsteinn@frettabladid.is

## Umsvifin í Straumsvík dragast saman

Stjórnendur Rio Tinto hafa ákveðið að verksmiðja fyrirtækisins í Straumsvík verði ekki keyrð á fullum afköstum í ár. Framleiðslan á þessu ári verður um 85 prósent á við það sem hún var á síðasta ári. Morgunblaðið greindi frá þessu í síðustu viku en í fréttinni kom fram að samkvæmt heimildum blaðsins yrði Landsvirkjun af 20 milljón dollara tekjum, jafnvirði 2,5 milljarða króna, vegna minni raforkunotkunar í Straumsvík.

Þá kom einnig fram að Rio Tinto hefði einhliða heimild til að draga úr raforkukaupum með þessum hætti. Í kjölfarið sagði Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, í samtali við mbl.is að raforkan sem Rio Tinto hefði keypt yrði ekki seld til annarra. Landsvirkjun gæti ekki skuldbundið sig til að afhenda þessa orku til annarrar starfsemi.




WWW.BILALAND.IS

# Tilboðsbílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**SKODA Octavia Combi 4x4**
Nýskr. 01/18, ekinn 96 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 3.190.000 kr.**
**39.738 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN X-Trail Acenta 4wd**
Nýskr. 05/15, ekinn 92 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.490.000 kr.**
**31.100 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**VW Golf Comfortline**
Nýskr. 03/18, ekinn 91 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.190.000 kr.**
**27.398 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**AUDI A3 Sportback Attraction**
Nýskr. 02/14, ekinn 108 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 1.590.000 kr.**
**19.994 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**HYUNDAI i30 Classic dísil**
Nýskr. 07/13, ekinn 102 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 990.000 kr.**
**12.590 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. xx/xx, ekinn 104 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.790.000 kr.**
**34.802 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**DACIA Duster 4x4**
Nýskr. 06/17, ekinn 90 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 1.590.000 kr.**
**19.994 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Clio Intens**
Nýskr. 05/17, ekinn 34 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 1.990.000 kr.**
**24.930 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 09/15, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.090.000 kr.**
**26.164 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**BMW X1 Xdrive 18d**
Nýskr. 07/14, ekinn 105 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.590.000 kr.**
**32.334 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Clio Dynamic**
Nýskr. 05/14, ekinn 109 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 890.000 kr.**
**11.357 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**HYUNDAI i30 Classic dísil**
Nýskr. 04/16, ekinn 62 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 1.490.000 kr.**
**18.760 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**KIA Ceed EX**
Nýskr. 08/12, ekinn 73 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 790.000 kr.**
**10.123 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 05/17, ekinn 38 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.490.000 kr.**
**31.100 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*




**NISSAN X-Trail Acenta 4wd**
Nýskr. 06/16, ekinn 103 þ.km, dísil, beinskiptur.

**TILBOÐSVERÐ! 2.590.000 kr.**
**32.334 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

ENNEMM / SÍA / NM97990

Lykill — Allt að 80% lán — Ástandsskoðun — Fjármögnun á staðnum

**Opnunartímar:**
**Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18**
**föstudaga 9-17, laugardaga 12-16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



Keilulaga tindar Löðmundar eru mosavaxnir og minna á taílensk búddahof, til dæmis í Bangkok . MYNDIR/TG

# Búddahofin á Löðmundi

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Löðmundur er með fallegri fjöllum á Íslandi og sést víða að en þó best af Fjallabaksleið nyrðri. Þetta er 1.079 metra hátt móbergsfjall sem ekki tókst að bræða sig í gegnum ísaldarjökulinn og náði því ekki að verða stapi. Það er vaxið gróðri frá rótum og upp úr og keilulaga mosagrænir tindarnir minna helst á taílensk búddahof. Nafngift Löðmundar er ekki fyllilega útskýrð en löð var verkfæri sem áður fyrr var notað til að berja heitt járn og mund var orð yfir mannshönd. Því gæti nafngiftin vísað til kreppts hnefa sem á betur við en sú löð sem vísað er til í orðatiltækinu „að allt falli í ljúfa löð“. Löðmundur er án efa svipmesta fjallið í friðlandinu að Fjallabaki og útsýnið af hæsta tindinum, Stróki, er frábært til allra átta.

Auðveldast er að hefja gönguna við Landmannahelli en þangað er þægilegt að komast á fjórhjóladrifnum bílum af Dómadalsleið, jeppavegi sem liggur norðan Heklu og austur að Landmannalaugum. Í Landmannahelli er ágætt tjaldstæði en einnig er hægt að kaupa þar gistingu í litlum skálum. Algengast er að hefja gönguna á Löðmund vestan Landmannahellis eða austan hans við Löðmundarvatn. Fyrst er lagt til atlögu við brekkur Hellisfjalls en síðan tekur við sléttara landslag uns komið er að rótum fjallsins vestan megin. Þar liggur göngustígur upp brattar en grasi grónar hlíðar. Síðan tekur við sléttari stallur uns komið er að búddahofunum efst en úr fjarlægð minna þau einnig á tindakórónu.

Af hæstu tindunum er gríðarlegt útsýni til allra átta, en Hekla fangar athyglina, enda ekki langt undan. Einnig sést vel í Langjökul, Hofsjökul og suðvesturhorn Vatnajökuls en lengra í austur blasa við fjöllin umhverfis Landmannalaugar og í suðurátt Rauðfossafjöll og Krakatindur. Ganga á Löðmund er ekki nema tæpir 8 kílómetrar fram og til baka sem flestir ættu að ráða við á hálfum degi, einnig börn. Öruggast er að ganga sömu leið til baka en vant göngufólk getur haldið niður Egilsgil sem þó er mun torfærari leið. Er þá komið niður austan megin Löðmundarvatns en blátært vatnið setur sterkan svip á umhverfið og bakkarnir eru skreyttir fífu.



Fókus á hjarta landsins



Af Löðmundi er gríðarlegt útsýni. Hér er horft til austurs af hæsta tindinum, Stróki.

# Fjölmennum á baráttufund í Háskólabíó

Í dag - 17:00




## HINGAÐ OG EKKI LENGRA

Kjarasamningar opinberra starfsmanna hafa verið lausir frá 1. apríl 2019.

BSRB, BHM og Félag ísl. hjúkrunarfræðinga boða til baráttufundar til að krefjast þess að samið verði strax.

Fram koma **Jónas Sig og hljómsveit** & **Reykjavíkurdætur.**

# Vopnið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Víða um heim hefur þess verið minnst að 75 ár eru frá því að fangar í útrýmingarbúðunum í Auschwitz voru frelsaðir. Í erlendum fjölmiðlum hafa birst viðtöl við einstaklinga úr þessum hópi sem lýsa skelfilegum grimmdarverkum sem hafa aldrei horfið úr huga þeirra. Samt kemur fram í frásögnum margra þeirra að þótt hryllingurinn hafi vissulega fylgt þeim hvert fótspor þá hafi þeir kosið að lifa ekki í fortíðinni.

Þetta viðhorf endurspeglaðist á dögunum í viðtali við níræða konu, Mindu Hornick, sem var þrettán ára þegar hún var flutt til Auschwitz ásamt systur sinni og móður. Þar var móðir hennar send í gasklefann en Mindu og systir hennar lifðu af. Mindu sagði í viðtalinu að eftir frelsun sína frá Auschwitz hefði hún tekið ákvörðun um að lifa ekki í fortíðinni. Um leið lagði hún áherslu á það sama og flestir sem lifðu af dvöl í Auschwitz hafa gert, að helförin megi ekki gleymast. Það má ekki fara þannig að umheimurinn gleymi Auschwitz um leið og síðasti fanginn sem lifði dvölina þar af er látinn.

Þær skelfingar sem nasistar kölluðu yfir heiminn eru áminning um að gangast ekki blossandi hatri á hönd. Böðlarnir í Auschwitz gengu þessu hatri á hönd, þar á meðal Rudolf Höss sem var þar yfirmaður á árunum 1940-1943. Í réttarhöldum yfir honum var hann sakaður um að bera ábyrgð á dauða þriggja og hálfrar milljónar einstaklinga. Hann svaraði: „Nei, bara tveggja og hálfrar milljónar, hinir dóu úr sjúkdómum og hungri.“ Hann var tekinn af lífi árið 1947 og skildi eftir sig eiginkonu og börn. Sonarsonur hans, Rainer Höss, fær reglulega bréf frá nýnasistum þar sem þeir bera mikið lof á afa hans, sem þeir líta mjög upp til. Rainer hefur þjáðst skelfilega vegna glæpa afa síns og hefur afneitað fjölskyldu sinni. Hann ferðast nú um heiminn og heldur erindi um helförina og glæpi nasista, þar á meðal afa síns, og varar við nýnasistum og öðrum haturssamtökum. Í viðtali í Sunday Times var hann nýlega spurður hvort honum hefði aldrei dottið í hug að skipta um eftirnafn. „Nei, ég nota eftirnafnið sem vopn,“ svaraði hann.

Hann hefur hitt um 160 einstaklinga sem lifðu af vistina í útrýmingarbúðum nasista. Þar á meðal var Eva Mozes Kor, sem lést á síðasta ári. Hún var fangi í Auschwitz ásamt tvíburasystur sinni og læknar undir stjórn Josef Mengele gerðu tilraunir á þeim báðum. Þær lifðu af en foreldrar þeirra og tvær eldri systur dóu í fangabúðunum. Eva, sem sagðist trúa staðfastlega á fyrirgefninguna, fyrirgaf nasistum og sagðist ekki vilja skilgreina sig sem fórnarlamb. Hún hvatti Rainer Höss til að fyrirgefa afa sínum en hann segir að það geti hann ekki.

Fyrirgefning Evu Mozes Kor er nánast ofurmannleg. Hún ættleiddi Rainer Höss, sem kallaði hana ömmu. Sú ættleiðing var táknræn gjörð, merkileg og göfug af hennar hálfu. Rainer Höss notar eftirnafn sitt sem vopn í baráttu við hatrið. Fyrirgefningin var vopn Evu Mozes Kor.

**Hann ferðast nú um heiminn og heldur erindi um helförina og glæpi nasista, þar á meðal afa síns, og varar við nýnasistum og öðrum haturssamtökum.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Bitlingamunur**

**Menntun, áratuga reynsla og það að vera eini útvarpsstjórinn sem sótti um starf útvarpsstjóra ríkisins dugði Arnþrúði Karlsdóttur, eiganda og æðstráðanda á Útvarpi Sögu, ekki til þess að hreppa eftirsótt embættið sem í fyrradag féll Stefáni Eiríkssyni í skaut. Arnþrúður upplýsti í gærmorgun í símatíma stöðvar sinnar, undir dagskrárlið sem er óformlega kallaður „útvarpsstjórinn er mættur“, að hún hafi komist í hóp þeirra fimm sem stjórn RÚV valdi að lokum Stefán úr. Arnþrúður sá ástæðu til að hrósa Capacent sérstaklega fyrir vönduð vinnubrögð í ráðningarferlinu og ætlar greinilega ekki að halda því gegn fyrirtækinu að starfið er „bitlingur“ eins og hún orðaði það.**

**Röng lögga**

**Arnþrúður sagði engan vafa leika á að „hæfni mín og þekking á sviði ljósvakamiðla er alveg framúrskarandi“ en menntun og víðtæk reynsla vegi ekki þungt þegar pólitík sé í ráðningarspilinu. Þá má ekki gleyma því að löngu áður en Arnþrúður varð farsæll útvarpsstjóri á eigin fjölmiðli var hún ein fyrsta lögreglukona landsins og skapaði þannig ef til vill fordæmi fyrir því að reynsla af löggæslu sé talin útvarpsstjórum mikilvæg þótt stjórn RÚV hafi að vísu valið ranga löggu að þessu sinni.**

**toti@frettabladid.is**

# Kjarasamninga strax!



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
formaður BSRB

Í dag hefur þorri opinberra starfsmanna verið án kjarasamnings í tíu mánuði. Í tíu mánuði hafa viðsemjendur reynt á þolinmæði okkar sem staðið höfum í kjaraviðræðum við ríki og sveitarfélög og dregið það að ganga til samninga við sína starfsmenn.

Við höfum sýnt mikla þolinmæði enda meðal annars tekist á um mestu breytingar á vinnutíma í hálfa öld vegna kröfu BSRB um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar. En nú er þolinmæði samninganefnda og félagsmanna endanlega þrotin. Við látum ekki bjóða okkur það lengur að viðsemjendur okkar dragi lappirnar dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð.

Í dag klukkan 17 koma félagar úr BSRB, Bandalagi háskólamanna og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga saman á baráttufundi í Háskólabíói. Á sama tíma hittast félagar okkar víða um land á fundum í sínum sveitarfélögum.

Við finnum reiðina vegna þeirrar vanvirðingar sem bæði ríkið og sveitarfélögin í landinu hafa sýnt okkar félagsmönnum með því að ganga ekki hreint til verks og ljúka gerð kjarasamnings fljótlega eftir að þeir losnuðu.

Samstaðan hefur skilað íslensku launafólki mögnuðum sigrum í gegnum tíðina. Við höfum þurft að berjast fyrir öllum mikilvægustu kjarabótunum sem við teljum sjálfsagðar í dag. Ef við þurfum að taka enn einn slaginn til að landa kjarasamningum sem okkar félagsmenn geta sætt sig við þá tökum við þann slag.

Á baráttufundum dagsins munum við ræða stöðuna og hvernig við ætlum að bregðast við því skeytingarleysi sem við höfum upplifað af hálfu viðsemjenda. Við ætlum að sýna ríkisstjórninni og sveitarstjórnum að okkur er fullkomin alvara. Dugi það ekki til þess að knýja viðsemjendur okkar til samninga eru næstu skref augljós. Aðildarfélög okkar eru þegar farin að huga að boðun verkfalla sem geta lamað almannaþjónustuna verði ekki samið. Við skorum á alla að vera með okkur á baráttufundum í Háskólabíói og víða um land klukkan 17 í dag. Sýnum samstöðuna! Kjarasamninga strax!

**Samstaðan hefur skilað íslensku launafólki mögnuðum sigrum í gegnum tíðina.**




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Jón Þórisson jon@frettabladid.is,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is
LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

AF KÖGUNARHÓLI

# Að ganga samtímis í austur og vestur



Þorsteinn Pálsson

Núverandi stjórnarsamstarf virðist vera nánara og þéttara en við höfum þekkt áður á þessari öld. En galdurinn á bak við það virðist samt sem áður vera býsna einfaldur.

Galdurinn felst að litlu leyti í hefðbundnum málamiðlunum, en í ríkari mæli í samkomulagi um að gera engar breytingar, sem máli skipta, ef þær kalla á samþykki Alþingis. Einstakir ráðherrar hafa á hinn bóginn frjálsar hendur um að breyta og jafnvel kollvarpa hlutum á þeirra verksviði, ef það rúmast innan gildandi laga.

**Táknræn afstaða VG til varnarmála**

Varnarmálin eru eitt dæmi um þetta. Þau eru ekki rædd á Alþingi og ekki í þjóðaröryggisráði þar sem forsætisráðherra situr í öndvegi. Utanríkisráðherra hefur einfaldlega frjálsar hendur um að þróa varnarumsvifin, samþykkja framkvæmdir og ræða framvindu þeirra eins og verið hefur í samstarfi við bandamenn í Bandaríkjunum og Evrópu.

Þingmenn VG bera vitaskuld fulla pólitíska ábyrgð á þessari framkvæmd. En til þess að sýna flokksmönnum að hugsjónin lifi hafa þeir flutt frumvarp um að taka þetta vald af ráðherra og flytja það til Alþingis. Þeir segja að frumvarpið sé stærsta forgangsmál flokksins á þessu þingi. En samt er ósennilegt að þeir leggi til að það verði afgreitt úr nefnd og borið undir atkvæði. Það er aðeins flutt í táknrænum tilgangi.

Í venjulegu stjórnarsamstarfi væri litið á frumvarp af þessu tagi sem vantraust.

Niðurstaðan er sú að í hönd fara einhverjar mestu fjárfestingar Bandaríkjahers hér á landi í áratugi.

> Engin samræmd stjórnarstefna í heilbrigðismálum um skýr, fjármögnuð og mælanleg markmið. Ríkisstjórnin gengur samtímis í austur og vestur.



**Flóknari staða í heilbrigðismálunum**

Í heilbrigðismálunum er staðan hins vegar mun flóknari.

Afstaða fjármálaráðherra er mjög skýr: Það þarf ekki meiri fjármuni og vilji hans ræður. Lausnin felst í hinu að fá meira fyrir hverja krónu með breyttu skipulagi. Því fær hann ekki að ráða.

Afstaða heilbrigðisráðherra er að sama skapi afdráttarlaus: Það þarf meiri fjármuni. Þeir fást ekki. Og af pólitískum ástæðum þarf skipulagsbreytingar af öðru tagi en fjármálaráðherra boðar, sem margt bendir til að geri kerfið dýrara og seinvirkara. Það gengur eftir.

Í samræmi við galdurinn á bak við náið samstarf felst lausnin í því að fjármálaráðherra ræður því, sem að honum snýr og heilbrigðisráðherra ræður því, sem að henni snýr. Árangurinn birtist svo í fréttum ríkisútvarpsins.

Með öðrum orðum: Engin samræmd stjórnarstefna í heilbrigðismálum um skýr, fjármögnuð og mælanleg markmið. Ríkisstjórnin gengur samtímis í austur og vestur.

Klípa þingmanna Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðismálum er miklu meiri en vandi þingmanna VG í varnarmálum. Í varnarmálunum er verið að framfylgja óbreyttri stefnu. En í heilbrigðismálunum er verið að gera grundvallar breytingar með því að grafa undan einkarekstri og alveg sérstaklega þeim hluta hans, sem verið hefur á höndum velferðarfélaga, sem í sumum tilvikum hafa létt undir með ríkissjóði og borgað með rekstrinum.

**Táknræn afstaða Sjálfstæðismanna í heilbrigðismálunum**

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa þó ekki farið sömu leið og þingmenn VG og flutt frumvarp um að flytja ákvörðunarvald um breytingar af þessu tagi til Alþingis. Sumir þeirra hafa þó leyft sér að andæfa í orði kveðnu.

Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, skrifaði í síðustu viku hugmyndafræðilega grein í Morgunblaðið þar sem hann staðhæfði að rætur vandans í heilbrigðismálum lægju í tilflutningi verkefna frá einkaaðilum til Landspítalans, sem ekki tilheyrðu kjarna- og lykilstarfsemi hans. Niðurstaða þingmannsins er þessi: „Íslenskt heilbrigðiskerfi er á leið í sjálfheldu fábreytileika og aukinna útgjalda.“

Þetta er þungur dómur yfir stefnu eigin ríkisstjórnar. Samt er stjórnarsamstarfið áfram náið og þétt.

Heilbrigðisráðherra framkvæmir stefnu sína í umboði þingmanna Sjálfstæðisflokksins. En munurinn er sá að heilbrigðisráðherra hefur ríkari stuðning frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins en eigin flokks með því að þeir eru miklu fleiri. Sjálfstæðisflokkurinn leggur því í raun meiri þunga í ríkisvæðingarstefnuna en VG; stefnu sem þingmenn hans fullyrða að sé nú þegar að leiða heilbrigðiskerfið í sjálfheldu.

**Léttvæg mál fyrir báða flokka**

Afstaða af þessu tagi ber vott um tvískinnung. En sennilega byggir tvískinnungurinn á köldu hagsmunamati.

Þingmenn VG líta einfaldlega svo á að varnarmálin hafi lítið vægi. Andstaðan við aðild að NATO og krafan um brottför erlendra hermanna er til að mynda alltaf falin í kosningabaráttu. Þess vegna duga táknræn skilaboð um þau efni í stjórnarsamstarfi. Athafnir eru óþarfar.

Eins er með heilbrigðismálin og Sjálfstæðisflokkinn. Eina ástæðan fyrir því að hann getur tekið þátt í nánu og þéttu stjórnarsamstarfi um stefnu, sem stríðir gegn grundvallarhugmyndafræði hans, er sú að hann telur málefnið hafa óverulegt vægi í heildarmyndinni. Brýnna þykir að gæta að öðrum hagsmunum.

Þess vegna er nóg að benda með táknrænum hætti á að stjórnarstefnan sé að leiða heilbrigðismálin í sjálfheldu. Þingmenn hans sjá einfaldlega ekki ástæðu til að hafast nokkuð að.




ÚTSÖLU MARKAÐUR

30. JANÚAR – 1. FEBRÚAR

Lítið útlitsgallaðar vörur sem og vörur sem hættar eru í framleiðslu á mjög góðu verði

50% afsláttur af **Ylfa** angóru ullarfatnaði

VARMA
The Warmth of Iceland

**Ármúla 31** **Opnunartími:**

Fimmtudaginn 30. janúar 15:00-18:00
Föstudaginn 31. janúar 15:00-19:00
Laugardaginn 1. febrúar 13:00-16:00

# Spila ekki á sínum bestu mönnum

**Undanúrslitaleikir Reykjavíkurmótsins fara fram í kvöld á úr sér gengnu gervigrasi í Egilshöll. Þjálfarar Víkings og KR eru langt frá því að vera hrifnir af aðstæðum og segja lítið mál að færa leikina. Mótsleikir eiga að fara fram í Egilshöll, segir skipuleggjandi.**







Í kvöld munu KR og Víkingur spila í undanúrslitum Reykjavíkurmótsins. Þjálfararnir vilja fá leikinn út úr Egilshöll því aðstæður þar séu nánast óboðlegar.

**FÓTBOLTI** Í kvöld fara undanúrslitaleikirnir fram í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu. Tvær af helstu stjörnum deildarinnar, Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen, munu ekki spila með bikarmeisturum Víkings vegna meiðslahættu á skraufþurru gervigrasinu í Egilshöll. Víkingur spilar við Íslandsmeistara KR sem hefur misst tvo í alvarleg meiðsli á gervigrasinu sem er fjögurra ára gamalt og samkvæmt þjálfurum liðanna er úr sér gengið. Því er skipuleggjandi mótsins ekki sammála.

„Kári og Sölvi fá frí frá grasinu. Egilshöllin er fín þegar veður leyfir ekki annað. Þá er fínt að fara inn og spila leiki en um leið og veður og aðstæður leyfa þá þarf að vera sveigjanleiki til að færa leiki,“ segir Arnar Gunnlaugsson, þjálfari Víkings. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, tekur í sama streng. „Grasið er komið til ára sinna og ég er búinn að missa tvo í alvarleg meiðsli. Það er að hluta til gervigrasinu að kenna. Ég myndi vilja færa leikina út og það er spáð góðu veðri og spila annaðhvort á Víkingsvelli eða Valsvelli.“

Steinn Halldórsson, verkefnastjóri hjá ÍBR, segir málið einfalt í sínum huga. „Það er bara spilað í Egilshöll. Það er mótsstaðurinn. Við breytum því eigi.“ Aðspurður um grasið í Egilshöll segir hann það vera nýlegt. „Það er í góðu ásigkomulagi. Það stendur í mótsreglunum að leikirnir skulu fara fram í Egilshöll. Það er búið að borga fullt af peningum fyrir að hafa þetta þarna inni.“

Arnar segir að þessi rök haldi engu vatni. „Þetta myndi ekki kosta neitt því við myndum gera þetta frítt þannig að það yrði enginn aukakostnaður. Það fellur því um sjálft sig.

Það er mikið verið að fjalla um að það sé skortur á alvöru leikjum og nú er alvöru leikur og auðvitað á að spila hann við bestu mögulegu aðstæður þannig að allir leikmenn þessara liða geta spilað.“

Rúnar bendir á að inni í Egilshöll sé lítið tempó á leiknum, boltinn skoppi mikið og hann rúlli hægt. Þá sé grasið notað mikið, frá því snemma morguns og fram á kvöld. „Ég er enginn sérfræðingur en það þarf að hirða völlinn og fá stráin til að standa upp í loftið en ekki liggja niðri. En mér finnst þetta ekki gott gras og það býður hættunni heim að spila fótboltaleiki þarna.“ Þeir Emil Ásmundsson og Hjalti Sigurðsson hafa báðir meiðst alvarlega í leik með KR í Egilshöll. Emil sleit krossband og missir af öllu tímabilinu og Hjalti viðbeinsbrotnaði.

> **Húsin eru frábær upp á íslenskar aðstæður en þegar þær eru fínar eigum við að fara með leikinn í betri aðstæður. Það þarf að hugsa hvað er best fyrir leikinn sjálfan.**
>
> Arnar Gunnlaugsson





Skipt var um gervigras í Egilshöllinn árið 2016. Gríðarleg notkun er á því á hverjum sólahring og það er ekki vökvað. Borið hefur á alvarlegum meiðslum í leikjum í Egilshöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Grasið er komið til ára sinna og ég er búinn að missa tvo í alvarleg meiðsli. Það er að hluta til gervigrasinu að kenna. Ég myndi vilja færa leikina út og það er spáð góðu veðri og spila annaðhvort á Víkingsvelli eða Valsvelli.**
>
> Rúnar Kristinsson



Á sama tíma fer fram úrslitaleikurinn í fótbolta.net mótinu á gervigrasinu í Kópavogi þar sem Breiðablik og ÍA mætast. „Húsin eru frábær upp á íslenskar aðstæður en þegar þær eru fínar eigum við að fara með leikinn í betri aðstæður. Það þarf að hugsa hvað er best fyrir leikinn sjálfan.

Ég held að það sé ekki meitlað í stein að leikirnir verði að fara fram í Egilshöll. Það má ekki berjast gegn þróuninni og ekkert hægt að segja: Þetta er bara svona. Það gengur ekki upp,“ segir Arnar.

Rúnar bendir á að það sé lítið mál að færa leikina, jafnvel þó það sé búið að auglýsa staðsetningu og skipuleggja. „Það eru fáir áhorfendur að mæta á riðlakeppnina og ekki margir sem koma og sjá. Fjölmiðlaumfjöllun er lítil, fótbolti.net hefur eðlilega meiri áhuga á sínu móti og ég held að það mætti færa það út í betri aðstæður. Það er ekkert mál að færa leikina með stuttum fyrirvara með þær boðleiðir sem við höfum í dag.

Ég myndi vilja sjá þessa leiki sem eftir eru spilaða úti ef veður leyfir. Það er þá alltaf hægt að hoppa inn í höllina.

Það er búið að skipuleggja mótið og auglýsa það í Egilshöllinni, en þegar koma svona fáir áhorfendur, og yfirleitt eru þetta einhverjir tengdir leikmönnum, þá er ekki eins og það þurfi að ná til fleiri þúsunda. Það er ekkert mál með samfélagsmiðlum að koma með tilkynningu. Veðurspár á Íslandi eru góðar og við vitum með nokkura daga fyrirvara hvort þetta sé möguleiki eða ekki og þá er ekkert mál að breiða út boðskapinn.“

benediktboas@frettabladid.is




## Vantaði mikilvægan öryggisbúnað

**KÖRFUBOLTI** Rannsakendur í Bandaríkjunum, sem skoða hrap þyrlu Kobe Bryant, sögðu í gær að þyrlan hafi ekki verið með svokallaðan TAWS, eða jarðnándarvara, eins og það heitir á íslensku. Kerfið hefði getað varað flugmanninn við og mögulega látið hann breyta um stefnu.

„Kerfið hefði vissulega geta hjálpað flugmanninum að fá upplýsingar um yfir hvaða landsvæði hann væri,“ sagði Jennifer Homendy hjá bandarísku flugmálaeftirlitinu, í samtali við New York Times. Hún sagði að þyrluna hefði skort 30 fet til að komast yfir hæðina sem hún lenti á.

Þyrlan hafði ekki heldur svarta kassann sem myndi auðvelda rannsóknina sem nú stendur yfir. Homendy sagði einnig að brakið hefði dreifst víða og því væri ekki unnið hratt heldur vel. „Við skoðum allt. Mannlega þáttinn, vélina og umhverfið. Veðrið líka en það er lítill þáttur,“ sagði hún. – bb




Kobe Bryant lést á sunnudag ásamt átta öðrum. NORDICPHOTOS/GETTY

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## 20% afsláttur af öllum verkfærum frá RYOBI OG AEG!




**AEG**

**Skrúfvél 18V, AEG BSSOP-0**
Kolalaus 18 V mótor, extra hljóðlát 73 dB, 3 hraðastillingar, 73 nm.

**30.396,-**
~~37.995,-~~




**AEG**

**Hefill 18V, AEG BHO18-0**
Kraftmikill 18 V hefill. Stór ryksugupoki fylgir með. Mismunandi stillingar. Öryggisrofi. Rafhlaða fylgir ekki.

**24.476,-**
~~30.595,-~~




**AEG**

**Slípirokkur 18V, 125mm BEWS18-125BL-0**
18V 125 mm slípirokkur með med kolalausum mótor. Snúningar: 0-11000 snú./min. Yfirálagsvörn. Handfang er hægt að stilla á 3 mism. vegu.

**21.596,-**
~~26.995,-~~

## Gerðu góð kaup á verkfærum í BAUHAUS!

**Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 30. janúar til og með sunnudeginum 2. febrúar.**



**RYOBI**

**One+ hleðslutæki**
RC18627 One+18 V fjölhleðslutæki m/6 innstungum.

**16.796,-**
~~20.995,-~~



**RYOBI**

**Rafhlaða**
Bættu við viðbótarafli fyrir One+ kerfið þitt. 2 stk. 18V 5,0 Ah rafhlöður.

**20.956,-**
~~26.195,-~~




**RYOBI**

**One+ högglykill**
R18IW3-120S. Kraftmikill högglykill með 3 hraðastillingum. 1/2" ferkantað splitti og þrjú spennuhylki fylgja með að stærð 17, 19 og 21 mm.

**31.196,-**
~~38.995,-~~

**RYOBI**

**One+ bor-/skrúfvél**
R18DD3-252T. 2ja gíra Heavy Duty borpatróna. Með 2 stk. Litíum rafhlöður (5,0 Ah og 2,0 Ah), hleðslutæki og 17 fylgihlutir fylgja. Kemur í verkfæratösku.

**26.396,-**
~~32.995,-~~




## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



✝

Elskuleg eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðríður Líneik Daníelsdóttir**

lést föstudaginn 24. janúar
á Heilbrigðisstofnun Blönduóss.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju
þriðjudaginn 4. febrúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að
styrkja sjúkrasjóð kvenfélagsins Einingar á Skagaströnd,
0160-05-60090, kt. 650504-3130.

**Gunnar Reynisson**
**Óli Daníel Helgason**
**Sigurður Sævar Gunnarsson Theodóra Hauksdóttir**
**Björn Reynir Gunnarsson María Hrönn Valberg**
**Elvar Smári Gunnarsson Arna Hagalínsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Hanna Guðrún Pétursdóttir**

Hafnartúni 22,
Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands
laugardaginn 18. janúar sl.
Útför hennar fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn
1. febrúar nk. kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á slysavarnadeildina Vörn, Siglufirði.

**Bjarni Þorgeirsson**
**Pétur Stefán Bjarnason Lilja Ástvaldsdóttir**
**Kristín Álfhildur Bjarnadóttir Björn Jóhannsson**
**Mundína Valdís Bjarnadóttir Anton Mark Duffield**
**Þorgeir Bjarnason Guðný Huld Árnadóttir**
**Hanna María Bjarnadóttir Daði Hafþórsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðfinna Hrefna Arnórsdóttir**
**(Guffý)**

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn
28. janúar. Útför verður auglýst síðar.

**Karvel Hólm Jóhannesson**
**Guðlaugur Ari Karvelsson Þórunn Inga Gísladóttir**
**Hermann K. Karvelsson Kristín Þorbjörg Sverrisdóttir**
**Kjartan J. Karvelsson Ólöf Inga Stefánsdóttir**
**Ívar Sindri Karvelsson Jóhanna Kristín Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Einarsdóttir**

húsmóðir,
Reynivöllum 12, Selfossi,

lést á heimili sínu fimmtudaginn
23. janúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju
mánudaginn 3. febrúar kl. 14.00.

**Bertha Sigrún Jónsdóttir Pétur Guðjónsson**
**Sigríður Jónsdóttir Hjörleifur Þór Ólafsson**
**Einar Jónsson**
**Ragnhildur Jónsdóttir Anton S. Hartmannsson**
**Guðbrandur Jónsson Guðrún Edda Haraldsdóttir**
**Ingólfur Rúnar Jónsson Svanborg B. Þráinsdóttir**
**Sveinn Þórarinn Jónsson Selma Sigurjónsdóttir**
**Brynhildur Jónsdóttir Guðjón Kjartansson**
**Matthildur Jónsdóttir Hjörtur Bjarki Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055.

# Ekki mátti tæpara standa

**Jóhann Sveinbjörnsson er Austfirðingur ársins 2019 að mati lesenda Austurfréttar. Eitt ágústkvöld gaf hann gaum hljóðum ofan úr fjallshlíð, það bjargaði lífi ungrar konu.**

Eins og Austurfrétt hefur greint frá var hinn 86 ára Seyðfirðingur Jóhann Sveinbjörnsson valinn Austfirðingur ársins 2019. Hann var staddur á golfvellinum síðla kvölds í ágúst þegar hann heyrði ókennileg hljóð úr hlíðum fjallsins Bjólfs sem honum fannst ástæða til að athuga nánar. Ég sló á þráðinn til Jóhanns og bað hann að segja mér frá þessu atviki.

„Ég fór alltaf einu sinni á dag á golfvöllinn síðasta sumar og oft tvisvar. Í þetta sinn var klukkan orðin hálf níu um kvöld 6. ágúst, ég búinn að hreiðra um mig í sófanum og kveikja á sjónvarpinu þegar kynntur var þáttur sem ég hafði engan áhuga á og hugsaði, ansi er þetta leiðinlegt, ég fer nú frekar inn á völl. Ég reyni sko að fara þegar sem fæstir eru á vellinum því ég vil ekki láta neinn sjá hvað ég er mikill klaufi.“



„Eiginlega er þetta allt golfinu að þakka,“ segir Jóhann. MYND/AUSTURFRÉTT

## Hóuðu og fengu svör

Jóhann kveðst hafa verið að slá kúluna við rætur Bjólfsins út með golfvellinum og öðru hvoru heyrt hljóð ofan úr fjallinu. „Ég hugsaði: þetta geta ekki verið menn, þetta hljóta að vera fuglar. Hljóðin létu mig samt ekki í friði og til öryggis ákvað ég að keyra út í bæ og ná í lögregluþjón. Hann fór með mér inn eftir og við hlustuðum á þetta dálitla stund, hóuðum upp í fjallið og fengum svör svo okkur kom saman um að þetta væri mannsrödd og hringdum í Neyðarlínuna. Ég hafði ekki þorað að hringja í hana því ég vildi ekki plata hana, heldur láta lögregluna um það.“

Þarna skildi milli lífs og dauða, að sögn Jóhanns. „Uppi í fjallinu reyndist vera ung, svissnesk kona í sjálfheldu, liggjandi á syllu í vatni, mikið slösuð og mjög köld. Hún var búin að vera þar allan daginn og hrópa til fólks á vellinum. Kallað var á þyrlu en hún var afpöntuð því mat björgunarsveitarfólks var að stúlkan mundi varla hafa það af þá tvo tíma sem þyrlan væri á leiðinni austur og þá yrði líka komið myrkur. Sjúkrabíllinn kom í hvelli og klifrað var upp með börur, það var mikið afrek því leiðin var þverhnípt og óskaplega erfið, þá var líka orðið dimmt. Svo það er björgunarsveitarfólkið í Ísólfi sem á heiðurinn af því að stúlkan bjargaðist en ég fékk kort frá henni í haust, hún sagðist vera að læra að ganga upp á nýtt.“

## Fannst golf engin íþrótt

Jóhann kveðst óskböp feginn að hafa tekið þá ákvörðun að láta athuga hljóðin. „Það er góð tilfinning. Eiginlega er þetta allt golfinu að þakka, sem Ómar Bogason, vinur minn, hafði af að draga mig í, það var í maí síðastliðnum. Ég tek fram að ég er enginn golfari en hef samt farið á völlinn nánast á hverjum degi síðan. Mér fannst golf aldrei vera nein íþrótt. Sagði stundum við menn þegar þeir voru að reyna að ná mér inn í golfklúbbinn. „Nei, ég get alveg eins gengið í prjónaklúbb.“

Spurður hvort hann hafi prófað það, svarar hann: „Nei, en maður lærði að prjóna í gamla daga. Ég var alltaf í öðrum íþróttum, stundaði áhaldafimleika í tuttugu og fimm ár og svo lyftingar. Mér fannst golfið ekki vera íþrótt, engin átök, bara gutl fyrir menn sem nenntu ekki að taka á. Ég hafði líka aðra afsökun. Þegar menn byrjuðu að reyna að draga mig inn í þetta sagði ég: „Ég get það ekki því þá veikjast varnir landsins. Það er fyrir það að ég er byssusafnari og fór oft út einu sinni til tvisvar á dag að skjóta og ef ég vanræki byssurnar þá veikjast varnirnar!“

*Ert það þú sem skaust stundum úr fallbyssunni á bryggjunni á Seyðisfirði?*

„Já, ég hef skotið úr henni í 39 ár. En athugaðu það, að ég er algerlega á móti öllu stríði og drápi, það er bara af sögulegum ástæðum sem ég hef safnað gömlum byssum og skotið í mark með þeim.“

*Þú varst samt eini maðurinn sem heyrðir í stúlkunni uppi í Bjólfi. Hefur þú bestu heyrnina á staðnum, þrátt fyrir alla skotgleðina og árin 86?*

„Það er svolítið skrítið,“ viðurkennir Jóhann. „Einu sinni rifnaði samt hljóðhimna í mér þegar byssa sprakk í höndunum á mér. En það skánaði og nú er allt í lagi með heyrnina.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma okkar,
systir og mágkona,

**Kolbrún Jónsdóttir**
**(Dolla)**

frá Reykholti,

lést á líknardeild Landspítalans 22. janúar.
Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn
4. febrúar kl. 13.00.

**Haraldur Gunnarsson**
**Steinþóra Jónsdóttir Valgeir Einarsson Mäntylä**
**Vigdís og Kolbeinn**
**Þórir Jónsson Hulda Olgeirsdóttir**
**Þorvaldur Jónsson Ólöf Guðmundsdóttir**
**Eiríkur Jónsson Björg Bjarnadóttir**



✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför ástkærs
eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Ásmundar Jónssonar**

Kópavogstúni 3.

**Birgit Andersdóttir**
**Jón Anders Ásmundsson Mette Korsmo**
**Guðmundur Ó. Ásmundsson Ingveldur Jónsdóttir**
**Sólveig M. Ásmundsdóttir**
**Lovísa B. Ásmundsdóttir**
**Bergur M. Ásmundsson Bettina Seifert**
**og barnabörn.**



Systir mín,

**Hildur Sólveig Pálsdóttir**

Stýrimannastíg 6,

lést þann 21. janúar.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni
í Reykjavík föstudaginn 31. janúar
klukkan 15.00.

**Jónína Margrét Pálsdóttir**



✝

Elskuleg eiginkona mín og móðir okkar,

**Nedeljka Marijan**

lést á Sjúkrahúsinu
á Akureyri 25. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Bozo Marijan**
**Natasa Marijan**
**Nebojsa Marijan**


ALVÖRU ÚTSALA
15-50% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
Drive Bílskúrs vatns/ ryksuga 1200W 20 litra
7.496
Áður kr. 9.995
30% AFSLÁTTUR
Drive
Drive Fjölnota sög 600W 85mm blað
6.993
Áður kr. 9.990
Verð áður 29.990
23.992
Lavor SMT 160 ECO
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst.
Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Verð áður 14.900
11.992
Lavor Ninja Plus 130 háþrýstidæla
1800W, 130 bör 420 L/klst.
LAVOR
Bíla/glugga þvottakústur
3 metrar
2.993
Áður kr. 3.990
30% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
DEKA PROJEKT 5
Skrúfstykki 15cm 14kg.
4.734
Áður kr. 7.890
Deka Projekt 05 veggmálning, 2,7 lítrar (stofn A)
1.743 kr.
Verð áður 2.490 kr.
Léttivagn 73x48cm
Max. 150kg
3.897
Áður kr. 5.995
35% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
Lutool handsög fyrir stein, við og járn. Hægt að tengja við ryksugu, hægt að fá með sagmáti. 600W.
10.493
Áður kr. 13.990
20% AFSLÁTTUR
Snjóskafa-kústur 59cm
448
Áður kr. 560
20% AFSLÁTTUR
Frábær birta
Vatnsþétt LED ljós 60W
125cm 6.872 Áður 8.590 kr.
155cm 7.920 Áður 9.900 kr.
20% AFSLÁTTUR
Kapalkefli F 3G 1,5 10 mtr
1.512
Áður kr. 1.890
15 metrar 2.952 Áður kr. 3.690
25 metrar 4.392 Áður kr. 5.490
50 metrar 7.992 Áður kr. 9.990
Vatnsþétt LED útiljós / bílskúrsljós
70W 150cm Áður kr. 6.490 5.192
20% AFSLÁTTUR
Olíufylltur rafmagnsofn 2000W
Áður 8.590 kr.
6.443
25% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Vatnshelt fjöltengi
1.352
Áður kr. 1.690
Bíltjakkur á hjólum. max 2tonn
3.493
Áður kr. 4.990
30% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
9 kW
Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa
15.802
Áður 18.590 kr.
Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa 5.772 Áður 6.790 kr.
Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa 7.132 Áður 8.390 kr.
Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa 12.402 Áður 14.590 kr.
Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa 25.492 Áður 29.990 kr.
Fyrirvari um prentvillur.
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður Selhellu 6. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
netgíró
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# ALVÖRUÚTSALA

Gúmmí gatamotta gróf, 1mx1,5mx22mm
20% AFSLÁTTUR
**5.992**
Áður kr. ~~7.490~~

20% AFSLÁTTUR
Drive Pro Ryk/vatnssuga ZD90 1400W
**10.792**
Áður kr. ~~13.490~~

20% AFSLÁTTUR
DELTA Föðurland bolur M
**4.792**
Áður kr. ~~5.990~~

20% AFSLÁTTUR
Delta föðurland buxur M
**2.792**
Áður kr. ~~3.490~~

20% AFSLÁTTUR
Delta GRAY ANZIO SWEAT JACKET XL
**7.192**
Áður kr. ~~8.990~~

20% AFSLÁTTUR
Pro Flex Gulir hanskar
**260**
Áður kr. ~~325~~

20% AFSLÁTTUR
**King Pvc mottur**
45x75cm kr. **792** Áður kr. 990
90x150cm kr. **2.632** Áður kr. 3.290

15% AFSLÁTTUR
Verð áður ~~37.990~~
**32.292**
**Lavor Predator 180 háþrýstidæla**
2500W, 180 bör
510 L/klst
Hringbursti, felgubursti og aukaspíssar fylgja.
Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).

15% AFSLÁTTUR
Verð áður ~~21.990~~
**18.692**
**Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla**
2100W, 150 bör (240 m/ túrbóstút), 450 l/klst.
Með pallabursta.
Made by Lavor
+

20% AFSLÁTTUR
Hrærivél Drive-HM-120 1200W. 40-60 ltr.
**14.392**
Áður kr. ~~17.990~~
Drive-HM-140 1600W **18.392** Áður ~~22.990~~
Drive-HM-160 1600W **22.392** Áður ~~27.990~~

30% AFSLÁTTUR
Drive lóðbolti
**658**
Áður kr. ~~940~~

20% AFSLÁTTUR
**Gúmmí takkamottur**
61x81cm kr. **2.872** Áður kr. ~~3.590~~
81x100cm kr. **4.792** Áður kr. ~~5.990~~
91 x 183cm kr. **7.192** Áður kr. ~~8.990~~

25% AFSLÁTTUR
Drive Smergel 150w
**3.743**
Áður kr. ~~4.990~~

25% AFSLÁTTUR
Strekkiband lás-krók. 5cm x 8 mtr 4.545 kg
**2.468**
Áður kr. ~~3.290~~

20% AFSLÁTTUR
Borðssög 230V 50HZ 1800W
**23.192**
Áður kr. ~~28.990~~

20% AFSLÁTTUR
Gúmmí gatamotta mjúk fyrir vinnustaði, 30x90x12mm
**1.672**
Áður kr. ~~2.090~~

20% AFSLÁTTUR
Tengibox 3ja fasa 32A-2x16A-4x230v
**22.392** kr.
Áður ~~27.990~~ kr.

20% AFSLÁTTUR
Tengibox 3ja fasa 32A1x16A-4x230v
**15.992** kr.
Áður ~~19.990~~ kr.

20% AFSLÁTTUR
Snjóskófla 110cm m. Y-handfangi
**1.836**
Áður kr. ~~2.295~~

20% AFSLÁTTUR
Snjóskófla medium m. Y-handfangi
**2.156**
Áður kr. ~~2.695~~

20% AFSLÁTTUR
Snjóskófla stór 135cm m. Y-handfangi
**2.316**
Áður kr. ~~2.895~~

20% AFSLÁTTUR
Snjóskafa löng 170cm m. tréskafti
**1.116**
Áður kr. ~~1.395~~

30% AFSLÁTTUR
Karbít dósaborasett í tösku. 6stk
**3.493**
Áður kr. ~~4.990~~

25% AFSLÁTTUR
Drive Bonvel/rokkur1100w
**6.743**
Áður kr. ~~8.990~~

25% AFSLÁTTUR
Drive Fjölnotatæki 280W
**3.743**
Áður kr. ~~4.990~~

25% AFSLÁTTUR
**LuTool fjölnota** sög /hjakktæki/juðari. 300W.
**5.243**
Áður kr. ~~6.990~~

20% AFSLÁTTUR
Gólfskafa 450mm
**712**
Áður kr. ~~890~~

20% AFSLÁTTUR
Pallettutjakkur Rafmagns 1,5tonna 70Ah
**223.920** kr.
Áður ~~279.900~~ kr.

35% AFSLÁTTUR
Bíla búkkar max 3 tonn 2stk
**2.529**
Áður kr. ~~3.890~~

20% AFSLÁTTUR
LuTool gráðukúttsög 305mm blað
**36.392**
Áður kr. ~~45.490~~

20% AFSLÁTTUR
Flísasög BL200-570A 800W
**36.392**
Áður kr. ~~45.490~~

# Fólk

Lífsstíll

FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR 2020



# Var heltekin af Brian Molko

Donna er bæði önnum kafin og hæfileikarík en á milli þess sem hún starfar sjálfstætt sem forritari og klæðist fallegum kjólum nýtir hún hvert tækifæri til þess að semja tónlist og taka ljósmyndir. →2

Donna segir Kawaii senuna í Japan veita sér mikinn innblástur en þar er mikið um stórar og litríkar peysur sem hún hefur dálæti á. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



*Geturðu sagt frá þér í stuttu máli?*

„Ég starfa daglega sem freelance forritari. Ég vinn að vísu við alls konar forritun en það helsta sem ég hef verið að gera síðustu ár er vefvinna, þá í stórum sem og smáum vefum. Að vinna sjálfstætt hefur gefið mér frelsi til þess að þróa mínar eigin aðferðir og eins að vinna við óhefðbundnari verkefni eins og listatengd verkefni og tölvuleikjagerð. Mér finnst skemmtilegast þegar starfið mitt er fjölbreytt og þegar ég get hagað því eftir eigin höfði.“

„Í frítíma mínum finnst mér mjög gaman að búa til tónlist en ég hef verið að vesenast í því meira eða minna síðan ég var unglingur. Eins hef ég gaman af öllum listatengdum greinum, tek ljósmyndir og reyni að nota forritunarkunnáttuna mína til þess að víkka listræna tjáningu.“

*Hefurðu áhuga á tísku? Ef svo er, hvenær byrjaði sá áhugi?*

„Já, ég myndi segja að ég hafi mikinn áhuga á tísku. Ég hef alltaf haft áhuga á klæðnaði sem er hannaður fyrir konur. Mér hefur einfaldlega alltaf fundist hann meira spennandi. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær það byrjaði en man eftir því að hafa verið að klæða mig í kvenmannsföt allt frá því ég var fimm ára. Ég var mikið leikrita- og söngleikjabarn og þar kemur litríkur klæðnaður mikið við sögu. Ég hafði sérstaklega áhuga á því að sjá karlmenn klædda í kvenmannsföt.“

„Ég held að það hafi verið af því að mér hefur alltaf fundist karlmannstíska hálf geld og leiðinleg. Það eru einfaldlega ekki sömu valmöguleikar í boði. Á unglingsárunum fór þetta úr söngleikjum og leikritum yfir í hljómsveitir sem klæddu sig öðruvísi. Ég var til dæmis heltekinn af Brian Molko, söngvara hljómsveitarinnar Placebo, sem klæddi sig í kvenmannsföt og var með málningu. Mér fannst þetta bara það besta sem að ég hafði nokkurn tímann séð.“

*Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?*

„Ég reyni svolítið að velja það sem að klæðir mig best en það getur verið mismunandi eftir tilefni. Ég elska til dæmis pallíettukjóla og finnst gaman að fara í þeim út. Eins bara kjóla almennt en ég hef komist að því að kjólar sem að gefa smá rými henta mér best. Stundum langar mig í þrönga kjóla en það virkar eiginlega bara ekki á mér. En ef ég er ekki að fara út fínt þá er það kannski aðeins meira kósýklæðnaður. Ég er mjög hrifin af litríkum og stórum hettupeysum. Myndi segja að stíllinn minn sé blanda af „glam/casual second hand“.“

*Hver er uppáhaldsflíkin?*

„Uppáhaldsflíkin í augnablikinu er svartur kjóll sem ég fékk á ASOS. Hentar við öll tilefni, passar vel á mig og er mjög flottur.“

*Hvar sækirðu innblástur?*

„Ég fæ mikinn innblástur í dag frá til dæmis Kawaii senunni í Japan. Elska þannig klæðnað. Þetta eru til dæmis litríkar og stórar hettupeysur, litríkar sokkabuxur, sætir skór og þannig. Ég fylgist líka svolítið með á Instagram. Oft er ég að fylgja konum bara til að sjá í hverju þær eru, við hvaða tilefni og hvernig það myndi mögulega koma út á mér. Fæ líka stundum innblástur frá bíómyndum sem að ég horfi á.“

*Áttu þeir einhverja/r tískufyrirmynd/ir?*

„Ég myndi segja að japanska poppstjarnan Kyary Pamyu Pamyu sé stór fyrirmynd. Hún leggur mikið upp úr litríkum og fjölbreyttum klæðnaði. Ég hef farið á tónleika með henni og hún skipti um föt fjórum sinnum á meðan á tónleikunum stóð. Það var magnað og allt mjög flott föt.“

*Áttu þér uppáhaldshönnuð/i?*

„Ég á ekki beint einn uppáhaldshönnuð en ég elska almennt fólk sem kemur fram við tísku eins og listformið sem það er og reynir að teygja það út í eitthvað sem hefur ekki verið gert áður. Alexander McQueen hefur til dæmis alltaf verið í miklu uppáhaldi. En ég á mér nokkra uppáhaldsstíla. Til dæmis er ég mjög hrifin af fatnaði sem leikur sér með geómetrísk form. Ég er með Pinterest síðu þar sem að ég safna saman tísku sem mér finnst spennandi á: pinterest.com/k0ttur/fashion/“



**Donna er afar hrifin af hinni japönsku Kyary Pamyu Pamyu.** MYND/GETTYIMAGES



> Mér hefur alltaf fundist karlmannstíska hálf geld og leiðinleg. Það eru einfaldlega ekki sömu valmöguleikar í boði.

**Donna klæðist hér svörtum kjól frá Asos sem er í miklu uppáhaldi um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

*Eyðirðu miklu í föt?*

„Það fer smá eftir hvað ég hef mikið á milli handanna í hverjum mánuði. Stundum kaupi ég mikið í einu, stundum kaupi ég ekkert í marga mánuði. Ég hef aðeins verið að reyna að minnka óþarfa fatakaup núna til þess að minnka kolefnissporið. Helst reyni ég bara að versla við búðir núna sem fylgja ekki þessu skynditískumynstri (e. fast fashion) . Blessunarlega er þannig búðir að fjölga hér heima og mér finnst maður geta keypt sér flott föt án þess að vera að skilja eftir sig sóðalegt spor. En þetta er stundum erfitt. Ég vil alltaf kaupa mér miklu fleiri föt en ég hef ráð á. En ég reyni að takmarka þetta við það sem ég virkilega þarf og reyni að láta það duga.“

*Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?*

„Minn helsti veikleiki var lengi að halda að ég gæti platað mig í föt sem að henta mér augljóslega ekki. Ég er orðin mun betri í þessu núna en mér fannst þetta mjög frústrerandi til að byrja með. Þá var ég kannski að panta kjóla sem voru nú þegar frekar litlir á konur og litu bara fáránlega út á mér. Ég er svolítið búin að sætta mig við líkamsbygginguna mína en ég er til dæmis frekar axlabreið og þá virkar ekkert rosa vel að klæða sig í kjóla sem að gera ráð fyrir grönnum öxlum. En á móti kemur að ég er í skóstærð 41 sem er mjög gaman, af því að ég get vanalega bara gengið inn í búð og fengið mér kvenmannsskó án þess að hafa áhyggjur af því að finna ekki númerið mitt.“



**Donna segir Brian Molko, forsprakka hljómsveitarinnar Placebo, hafa haft mikil áhrif á tískuvitund sína.** MYND/GETTYIMAGES

*Notar þú fylgihluti og skart?*

„Ég nota ekki mikið hringa einfaldlega af því að ég er með frekar þykka putta og finnst þeir bara oft ekki passa á mig. En ég nota svolítið hálsmen og eins finnst mér mjög gaman að hafa eitthvað skart á úlnliðnum.“

*Hvar kaupir þú helst föt?*

„Uppáhaldsnetbúðirnar mínar eru Asos og Syndromestore. Uppáhalds íslensku búðirnar mínar eru Kjólar & konfekt, Fatamarkaðurinn og Wasteland.“

*Hvað er fram undan hjá þér í haust?*

„Ég er að gera meiri músík í ár og reyna að einbeita mér meira að því þegar ég er ekki að vinna. Ég tók ákvörðun í byrjun ársins um að slaka á í drykkju og finnst það strax hafa mjög jákvæð áhrif og núna hef ég meiri tíma til að einbeita mér að öðrum hlutum sem að mér finnst skemmtilegir. Er líka í smá átaki að hreyfa mig meira. Er alfarið bara að einblína á aukna vellíðan, minnka stress, eyða meiri tíma með fólkinu sem ég elska og gera hluti sem mér þykir vænt um.“

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,


ÚTSALA
enn meiri verðlækkun
50-70%
afsláttur
Gil Bret úlpa, einnig til í dökkbláu.
Verð: 56.980
Nú: 17.094
Mos Mosh jakki
Verð: 32.980
Nú: 16.490
Barbara Lebek úlpa
Verð: 27.980
Nú: 13.990
Gil Bret pels
Verð: 49.980
Nú: 24.990
Nero Giardini skór
Verð: 25.980
Nú: 12.990
Mos Mosh kjóll
Verð: 36.980
Nú: 18.490
Mos Mosh buxur
Verð: 25.980
Nú: 10.392
Wonders skór
Verð: 23.980
Nú: 11.990
Yoek kjóll
Verð: 31.980
Nú: 9.594
Frank Walder jakki
Verð: 25.980
Nú: 12.990
PBO kjóll
Verð: 39.980
Nú: 19.990
Mos Mosh bolur
Verð: 12.980
Nú: 6.490
Frank Walder peysa
Verð: 17.980
Nú: 8.990
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Töffari á áttræðisaldri

Einn af mestu töffurum samtímans, rokkarinn Steven Tyler, söngvari hljómsveitarinnar Aerosmith, sýndi ást sína á kærustunni, Aimee Preston, með rembingskossi á Grammy.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Steven Tyler sat fyrir í herferð þegar ný tískulína var sýnd á Spáni sem nefnist „Time Traveler“.

Steven Tyler verður 72 ára í mars en kærastan er 32 ára. Það er talsverður aldursmunur sem þau láta ekki á sig fá. Steven kom fram á Grammy ásamt hljómsveit sinni, Aerosmith, sem fagnar um þessar mundir 50 ára starfsafmæli. Aerosmith kom fyrst fram í Boston árið1970. Steven flutti eitt af vinsælustu lögum sínum. Walk This Way, frá árinu 1986 á hátíðinni. Uppákoman þótti mögnuð og var líkt við dýnamíska sviðsframkomu. Steven er annars einnig þekktur fyrir sérstakan fatastíl sinn sem oft er mjög litríkur og jafnvel kvenlegur.

Mick Jagger hefur alltaf verið átrúnaðargoð Stevens en þeir þóttu ótrúlega líkir á yngri árum. Ágætis vinskapur er á milli þeirra. Steven ákvað sem smápjakkur að hann ætlaði sér að verða rokkstjarna og í viðtali sem hann veitti fyrir jólin sagði hann að það hefði aldrei verið neitt B-plan. Ekkert annað kom til greina. Hann hefur sannarlega staðið við þá ákvörðun þótt hann viðurkenni að margvíslegar hindranir og áskoranir hafi komið upp á þeirri vegferð.

Mikil fíkniefnaneysla varð honum og hljómsveitinni nánast að falli snemma á níunda áratugnum en Steven var sá fyrsti í hljómsveitinni sem fór í meðferð.

Steven var dómari í American Idol frá árinu 2010-2012 þegar hann ákvað að sinna músíkinni meira og halda í tónleikaferð með bandinu. Hljómsveitin er í fantaformi og Steven hefur sjaldan verið skrautlegri.



Sérstakur klæðaburður Stevens Tylers vekur alltaf athygli enda er enginn eins og hann.



Þeir Joe Perry, Steven Tyler og Post Malone voru skrautlegir á MTV-verðlaunaafhendingunni í New Yor 2018.



Steven Tyler og kærastan, Aimee Preston, komu í partí sem haldið var í tengslum við Grammy verðlaunaafhendinguna og var til stuðnings Janie's Fund, góðgerðarátaki Tylers fyrir stúlkur sem hafa verið misnotaðar. MYNDIR/GETTYIMAGES

ÚTSÖLUSPRENGJA
SEINNI LEIKUR HAFIN,
GÆÐAVARA Á EINSTÖKU VERÐI.



Fylgið okkur á FB
BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG OG Á MORGUN FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 30. JANÚAR TIL 2. FEBRÚAR**

**HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.**

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal














Billie Eilish sópaði að sér verðlaununum á Grammy verðlaunahátíðinni síðustu helgi. MYNDIR/GETTYIMAGES

# Sigursæl og sjálfstæð

**Tónlistarkonan unga Billie Eilish kom sá og sigraði á Grammy verðlaunahátíðinni sem fór fram á sunnudaginn. Hún hlaut hvorki meira né minna en fimm verðlaun.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Verðlaunin sem Billie hlaut voru fyrir plötu ársins, lag ársins, smáskífu ársins og nýliða ársins en þessi fjögur verðlaun þykja þau eftirsóttustu á hátíðinni. Auk þess tók hún heim með sér verðlaun fyrir best sungnu poppplötu ársins.

Söngkonan sem er ekki nema 18 ára gömul, tók upp sitt fyrsta lag, Ocean Eyes, árið 2015 þegar hún var tæplega 14 ára. Lagið var samið af eldri bróður hennar Finneas O'Connell sem hefur verið hennar helsti samstarfsmaður, en hann hlaut einnig Grammy verðlaun fyrir framleiðslu á plötu systur sinnar. Eftir útgáfu lagsins Ocean Eyes, sem systkinin settu inn í tónlistarveituna Soundcloud, fór boltinn að rúlla.

Á síðasta ári gaf söngkonan út plötuna When we all fall asleep, where do we go? sem skaut þessari hæfileikaríku ungu stúlku svo sannarlega upp á stjörnuhimininn en það var fyrir hana sem hún sópaði að sér Grammy verðlaunum.



Í grænum og svörtum Gucci alklæðnaði.



Billie Eilish var í Gucci jogginggalla í eftirpartíinu.

## Gucci þema

Það má sannarlega segja að söngkonan fari sínar eigin leiðir í fatavali. En klæðnaðurinn sem Billie mætti í á Grammy verðlaunin vakti mikla athygli. Hún var klædd víðum grænum og svörtum Gucci fötum, og hönskum úr samskonar efni. Hún var með langar neglur grænlakkaðar í stíl við fötin en hárið á henni var einnig litað grænt og svart. Auk þess var hún með dökk sólgleraugu og andlitsgrímu sem náði yfir nef og munn úr samskonar svörtu efni og fötin sem hún klæddist.

Þegar Billie kom fram á hátíðinni og söng með bróður sínum var hún líka klædd víðum Gucci fötum, hvítum í þetta sinn, en Finneas var í hvítum Gucci jakkafötum í stíl við systur sína.

Gucci þemað hjá Billie var gegnumgangandi allt kvöldið. Í eftirpartíi eftir verðlaunahátíðina var hún komin í enn ein Gucci fötin, í þetta sinn víðan rauðan og bláan jogginggalla alsettan Gucci merkinu en undir peysunni var hún í hvítum og gylltum Gucci bol.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Alhliða bókhaldsþjónusta, VSK, Laun.
Gott verð, góð þjónusta.
KH bókhald sími 623 2843.

### Málarar

Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**FRÆSUN FYRIR GÓLFHITA OG FL.**
Fræsun- rör- flotun

Tímavinna eða tilboð.

**Upplýsingar á steinbrot@steinbrot.is eða í síma: 777-2242**

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til sölu




Bílsætaviðgerðir og öll almenn bólstrun og viðgerðir á tréverki úrval áklæða og leður sjá video af vinnslu á www.hsbolstrun.is Formbólstrun Hamraborg 5, Hamrabrekku megin. S: 544-5750

mýranaut
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Góð 2 herbergja íbúð til leigu í Grafarvogi, langtímaleiga 185 þús á mánuði, 2mánaða bankatrygging. Reykingar ekki leyfðar né gæludýr. Áhugasamir sendið upplýsingar um fjölskylduhagi á habbyhalldors@gmail.com

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Fasteignir




**Leitum að raðhúsi í Garðabæ!**

Vantar gott 165-200 fm **raðhús**. Góðar greiðslur.



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515

**MIKLABORG** **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

---

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**

## Korpulína-Rauðavatnslína

**Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu**

**Breytt lega Rauðavatnslínu 1**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 21. nóvember 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Tillagan varðar breytingar á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar. Breytingin snýr annarsvegar að legu Korpulínu 1 (132 kV), frá tengivirki við Geitháls að tengivirki við Korpu, við Vesturlandsveg. Hinsvegar varðar breytingin lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1 í Hólmsheiði. Með breytingum á legu línanna er áformað að færa þær í jörð

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***. Samhliða auglýsingu aðalskipulagsbreytingar eru auglýstar breytingar á viðeigandi deiliskipulagsáætlunum.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 12. mars 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

---

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**Alvöru græja**



Hámarks þyngd notanda: 130 kg.
Halli 0 til 15%
3 hp mótor
12 prógröm
Hátalarar og MP3
Hraði 3-16 km/klst
Stærð brautar: 47x133 cm
**Verð 99.000 kr.**
Bíldshöfða 16
Sími: 661-1902
HREKTÆKI

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
**ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?**



**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ**
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi.
Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

## Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:30 - 15:00

## Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30

## Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

## Framhaldsnámskeið spænska V:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00




**Námskeiðin hefjast 3. og 4. febrúar.**
Verð á mann er 32.000 kr.

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða**
spaenskuskolinnhablame@gmail.com

***Facebook:*** Spænskuskólinn Háblame
***Instagram:*** spaenskuskolinn_hablame

---

Nám í **alþjóðlegum** menntaskóla í Noregi

**Einstakt tækifæri á námi til stúdentsprófs í alþjóðlegu umhverfi (uwcrcn.no)**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um skólavist við Alþjóðlega menntaskólann, Red Cross Nordic United World College (RCNUWC) í Flekke, Noregi, skólaárið 2020 - 2021. Umsækjendur skulu hafa lokið sem svarar einu ári í framhaldsskóla, hafa gott vald á ensku og vera á aldrinum 16-18 ára. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

Umsóknir berist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík, eða á netfangið postur@mrn.is í síðasta lagi föstudaginn **14. febrúar 2020.**

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

---

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS

Reykjavíkurborg

## Viltu taka þátt í að þróa áfram verkefni Borgarbókasafnsins á sviði fjölmenningar?

Borgarbókasafnið hefur á síðustu árum markað sér sess í fjölmenningarlandslagi borgarinnar með virkri þátttöku og samvinnu við jafnt einstaklinga, félagasamtök og opinbera aðila innanlands sem utan. Menningarlandslagið er síbreytilegt og því mikilvægt að mæta áskorunum morgundagsins með opnum hug og hugrekki.

**Hæfniskröfur fyrir verkefnastjóra fjölmenningarmála**

- Háskólapróf á framhaldsstigi (MA/MS) eða; háskólapróf á fyrsta stigi (BA/BS) auk mikillar starfs- og stjórnunarreynslu á viðkomandi sérfræðisviði.
- fræðileg þekking og reynsla af stefnumótun, áætlanagerð, gagnavinnslu og innleiðingu verkefna
- þekking og reynsla af verkefnastjórnun og viðburðahaldi á sviði fjölmenningar
- reynsla af stýringu list- og menningartengdra verkefna
- frumkvæði og geta til að fylgja hugmyndum og verkefnum eftir
- mikil og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- mjög góð almenn tölvukunnátta og þekking á miðlun efnis á heimasíðum og samfélagsmiðlum
- góð tungumálakunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti / kunnátta í fleiri tungumálum en íslensku eða ensku kostur en ekki skilyrði
- geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum verkefnum í einu
- mjög góðir skipulagshæfileikar og fagmennska í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur: 10. febrúar 2020**
Allar nánari upplýsingar á umsóknarvef Reykjavíkurborgar – **www.reykjavik.is/storf.**

## Do you want to take part in developing interculturalism at The Reykjavik City Library?

The Reykjavik City Library has established itself in the city's intercultural landscape in recent years by actively participating in and collaborating with individuals, organizations, and government entities, both locally and abroad. The intercultural landscape is constantly changing and so it's important to meet tomorrow's challenges with an open mind and courage.

**Requirements for Project Manager of Intercultural Affairs**

- master's degree or bachelor's degree as well as broad working and management experience in a relevant field
- knowledge and experience in policy creation, strategic planning, data, and project initiation
- knowledge and experience in project management and event planning pertaining to interculturalism
- experience directing art- and culture-related projects
- initiative and ability to follow through on ideas and projects
- strong people skills
- very good computer skills and knowledge of content distribution on the web and social media
- strong language skills and ability to communicate verbally and in writing / knowledge of languages other than Icelandic and English is beneficial but not a requirement
- ability to work under pressure and juggle multiple projects at the same time
- strong organization skills and a professional work ethic

The salary is set by the City of Reykjavik and labor union wage agreements. We would like to fill the position as soon as possible.

**Application deadline: 10 February 2020.**
Further information on the application web of the City of Reykjavik – **www.reykjavik.is/storf.**

***Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.***

---

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**89%**

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.







**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum18-49 ára.

# Vínilparket – Harðparket – Flísar



## Harðparket og vínilparket

**20-50% AFSLÁTTUR**

Frá kr. **989** pr. m²

Verðdæmi:
8,3mm Harðparket Smoke Eik Verð nú: **989** kr/m² áður: ~~1.690~~ kr m²
Vinyl parket með áföstu undirlagi nú **4.718** kr/m² áður ~~6.290~~ kr/m²



## Gott úrval flísa

**20-50% AFSLÁTTUR**

Frá kr. **989** pr. m²

Verðdæmi:
Ceraviva SN04 Veggflís 30x60 Verð nú **989** kr/m² áður: ~~2.990~~ kr/m²
Ceraviva Desert Olive vegg/gólfflísar Verð nú: **1.794** kr/m² áður ~~2.990~~ kr/m²
Netto Roverwood Natural parketflísar Verð nú: **1.734** kr/m² áður: ~~2.890~~ kr/m²
Netto White Shiny veggflís Verð nú: **1.014** kr/m² áður: ~~1.690~~ kr/m²

CERAVID

3-6 lítra hnappur

**CERAVID SETT**
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
**Þýsk gæðavara**
**31.112**
Áður kr. ~~38.890~~
**20% AFSLÁTTUR**

Skál: „Scandinavia design"

**60% AFSLÁTTUR**
Ceravid Bathlin Classic hornbaðkar 140cm
**13.156**
Áður kr. ~~32.890~~

**15% AFSLÁTTUR**
Ceravid vegghengd handlaug
**4.837**
Áður kr. ~~5.690~~

**25% AFSLÁTTUR**
GUOREN
**Guoren** Sturtusett með hitastýrðum blöndunartækjum
**28.425**
Áður kr. ~~37.900~~

Riga salerni með setu m/stút í gólf
**17.993**
Áður kr. ~~23.990~~
**25% AFSLÁTTUR**



Glerþil 75x220x8 álhliðar/ryðfrítt stál
**15.992**
Áður kr. ~~19.990~~
**20% AFSLÁTTUR**

**30% AFSLÁTTUR**
Stálvaskur 1 hólf 48x43x18cm
**4.753**
Áður kr. ~~6.790~~

**20% AFSLÁTTUR**
Gua-543-1 vegghengdur vaskur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð
**10.392**
Áður kr. ~~12.990~~

**25% AFSLÁTTUR**
**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
**12.743**
Áður kr. ~~16.990~~

**20% AFSLÁTTUR**
Sturtuhaus 200 mm
**3.192**
Áður kr. ~~3.990~~

**30% AFSLÁTTUR**
Stálvaskur 1 hólf 86x50x20,5cm
**9.723**
Áður kr. ~~13.890~~

**30% AFSLÁTTUR**
Stálvaskur 1 hólf 80x48x18,5cm
**7.693**
Áður kr. ~~10.990~~

**20% AFSLÁTTUR**
Hoga Athos eldhústæki
**4.232**
Áður kr. ~~5.290~~

**25% AFSLÁTTUR**
**Guoren**-BO Hitastýrt sturtutæki með niðurstút
**9.743**
Áður kr. ~~12.990~~

**25% AFSLÁTTUR**
**Guoren** Hitastýrt sturtutæki
**10.493**
Áður kr. ~~13.990~~

**Mistillo** Sturtusett, svart
**7.495**
Áður kr. ~~14.990~~
**50% AFSLÁTTUR**

**25% AFSLÁTTUR**
**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
**14.243**
Áður kr. ~~18.990~~



**20% AFSLÁTTUR**
**Kaliber Ferðagasgrill**
2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
**19.672**
Áður kr. ~~24.590~~



**Kaliber Black II gasgrill**
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 60x42cm
**20% AFSLÁTTUR**
**31.992**
Áður kr. ~~39.990~~

# Rétti tíminn til að mála



**Sænsk umhverfisvottuð gæðamálning**

Colorex

EU Ecolabel

NORDIC ECOLABEL 396 007

SWEDISH PAINT SINCE 1955

**30% AFSLÁTTUR**

Alva veggmálning, 0,9 lítrar (stofn A)
**1.043**
Áður kr. ~~1.490~~

**20% AFSLÁTTUR**

Epoxy Gólflakk EP-V Glært 4,0 kg
**8.792**
Áður kr. ~~10.990~~

**20% AFSLÁTTUR**

AQUA 25, 10L. Þvott- og rakaheld akrýlmálning. Hálfglansandi með góðri viðloðun. Hentar vel fyrir blautrými. Stofn A
**7.192** kr.
Verð áður ~~8.990~~ kr.

**20% AFSLÁTTUR**

Heimilistrappa 3 þrep
**3.592**
Áður ~~4.490 kr.~~

4 þrep **4.352** Áður ~~5.440~~
5 þrep **5.832** Áður ~~7.290~~
6 þrep **6.152** Áður ~~7.690~~

**20% AFSLÁTTUR**

Deka Projekt 10 innimálning, 9 lítrar (stofn A)
**5.752**
Áður kr. ~~7.190~~

**25% AFSLÁTTUR**

Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar málarahvítt
**4.718** kr.
Verð áður ~~6.290~~ kr.

**25% AFSLÁTTUR**

Gólfyfirbreiðsla f. málara 1x25m
**2.393**
Áður kr. ~~3.190~~

**20% AFSLÁTTUR**

San-SM-RLB02 stubbastækkari
**3.168**
Áður ~~3.960 kr.~~

# Allt í röð og reglu

**20% AFSLÁTTUR**

Smáhlutabox 31x27x6cm m. skilveggi+lok
**1.012**
Áður kr. ~~1.265~~

**20% AFSLÁTTUR**

**20% AFSLÁTTUR**

Verkfærakista STUFF SemiProfi 20
**3.112**
Áður kr. ~~3.890~~

**ÚRVAL LITA**

**ALLIR PLASTKASSAR 25% AFSLÁTTUR**



**30% AFSLÁTTUR**

Premium 5 hillur 180x90x40 65kg
**5.943**
Áður kr. ~~8.490~~

## **Styrkir** til grunnnáms í listdansi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um rekstrarstyrki vegna grunnnáms listdansskóla fyrir árið 2020. Styrkjunum er ætlað að efla framboð grunnnáms í listdansi. Þeir skólar sem geta sótt um styrk þurfa að kenna listdans samkvæmt aðalnámskrá fyrir listdansskóla.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um fyrirkomulag og aðstöðu til kennslu, fjölda nemenda í grunnnámi í listdansi, faglega getu og fjárhagslega stöðu.
Nánari upplýsingar eru í auglýsingu á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is og þar má einnig finna umsóknareyðublað.

Umsóknir sendist á netfangið postur@mrn.is og er umsóknarfrestur til og með **14. febrúar 2020.**

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

## **Styrkir** vegna þátttöku framhaldsskólanema

**Styrkir vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nemakeppnum í stærðfræði og raunvísindum**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir til umsóknar styrki vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nemakeppnum í stærðfræði og raunvísindum á árinu 2020.
Markmið styrkjanna er að fjölga nemendum í raunvísindum og stærðfræði og eru styrkirnir veittir til að standa straum af ferðakostnaði vegna þátttöku í keppnunum. Að auki mun ráðuneytið veita styrki sérstaklega til keppenda.

Umsóknir berist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@mrn.is í síðasta lagi föstudaginn 21. febrúar 2020.

Nánari upplýsingar eru í auglýsingu á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2020.**

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið






Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Úlfarsádalur, útivistarsvæði

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal útivistarsvæði vegna 1.áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjanna við Korpu og á Geithálsi þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Reynisvatnsvegi. Einnig mun jarðstrengurinn liggja yfir dalinn og Úlfarsá austanmegin Lambhagavegar í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Úlfarsárdalur, hverfi 2

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal hverfi 2 vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjanna við Korpu og á Geithálsi þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Vesturlandsvegur, Hallar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturlandsvegs, Halla vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets á milli tengivirkjanna við Korpu og á Geithálsi þá er gert ráð fyrir tilfærslu á Korpulínu 1 og nýrri legu hennar í jarðstreng sem mun liggja meðfram Lambhagavegi í Úlfarsárdal. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hesthúsabyggð á Hólmsheiði

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð á Hólmsheiði vegna tilfærslu á Rauðavatnslínu 1 sem liggur innan skipulagsmarka hesthúsabyggðarinnar vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstreng. Gerð er tillaga að tilfærslu á Rauðavatnslínu vegna 1. áfanga Korpulínu jarðstrengs. Breytingin er tilkomin vegna breytinga á núverandi Rauðavatnslínu milli tengivirkjanna á Geithálsi og tengivirkis A12 sem liggur nú í loftlínu milli reiðstígs og vatnslögn vestast á skipulagssvæðinu. Lagður verður nýr 132 kv jarðstrengur í stað núverandi loftlínu sem verður fjarlægð eftir spennusetningu strengsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Breiðholt 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 16. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Teigahverfi

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 16. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis. Í breytingunni felst að hluti af grassvæði á milli núv. gangstéttar og eystri lóðarmarka Sigtúns 30 verði breytt í grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 2 bílastæði við hana verði fjarlægt og því fækki bílastæðum úr u.þ.b. 14 í 12. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Skólavörðuholt

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 16. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Í breytingunni felst að fjögur núv. bílastæði við austurenda Hallgrímskirkju verði breytt í grenndarstöð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Esjumelar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi á athafnarsvæðinu við Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst helst að skipulögð er um 5 hektara lóð fyrir Malbikunarstöðina Höfða þar sem fyrirtækið hyggst starfsemi sína á Esjumela. Felldar eru niður aðrar 12 lóðir og sameinaðar í eina stóra, sett eru ákveðin skilyrði fyrir lóðina og fylgir m.a. mat á umhverfisþáttum breytingar með tillögunni. Einnig eru nokkrar lóðir sem skilgreindar voru fyrir dreifstöðvar OR felldar út og möguleiki gefinn á að stækka aðliggjandi lóðir, auk þess er gerð breyting á lóðarstærð við Silfursléttu o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Tryggvagata

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna svæðis sem nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í austri og lóðar Tollhússins. Í breytingunni felst að lóðarmörkum tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 er breytt. Á svæðinu sem breytingin nær til verða heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. 7 bílastæði eru á lóð tollhússins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Vogabyggð svæði 1, Kleppsmýrarvegur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 23. janúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði I vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi við Kleppsmýrarveg. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020.** Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 12. mars 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 30. janúar 2020
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Lágmark °C | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | -3 | 2 |
| Ísafjörður | -1 | 12 |
| Akureyri | -2 | 3 |
| Egilsstaðir | -5 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | -3 | 2 |
| Hveravellir | -8 | 6 |

Norðlæg átt yfirleitt 5-10 m/s. Snjókoma með köflum eða dálítil él um landið norðanvert, en léttskýjað að mestu syðra. Frost 0 til 10 stig, kaldast inn til landsins.

## Föstudagur

| Staður | Lágmark °C | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 5 |
| Ísafjörður | -4 | 11 |
| Akureyri | -1 | 8 |
| Egilsstaðir | -3 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | -4 | 6 |
| Hveravellir | -7 | 6 |

## Laugardagur

| Staður | Lágmark °C | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | -6 | 2 |
| Ísafjörður | -6 | 2 |
| Akureyri | -6 | 1 |
| Egilsstaðir | -4 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | -6 | 2 |
| Hveravellir | -9 | 4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 9 | | 1 | | |
| | | | | | | 7 | 2 | |
| | | | 4 | | 9 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | 1 |
| 4 | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | 3 | | 2 | 7 | | | |
| 1 | 8 | | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Kjass
5 Skolla
6 Möndull
8 Jarðbik
10 Titill
11 Föt
12 Fjöl
13 Angrar
15 Eldsneyti
17 Brotsjór

**LÓÐRÉTT**
1 Afsal
2 Læra
3 Stafur
4 Anda
7 Stoð
9 Dugur
12 Dangl
14 Skjón
16 Ögrynni

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 flens, 5 ref, 6 ás, 8 asfalt, 10 ma, 11 tau, 12 borð, 13 amar, 15 linkol, 17 skafl.
**LÓÐRÉTT:** 1 framsal, 2 lesa, 3 eff, 4 sálar, 7 stuðull, 9 atorka, 12 bank, 14 mis, 16 of.

## Skák Gunnar Björnsson

Maggeramov átti leik gegn Okrajek í Þýskalandi árið 1993.

**1...Hxf2! 2. Kxf2 Hc2+ 3. Ke3 Dc3+! 4. Kxe4 He2+ 5. Kd5 Hd2+ 6. Ke4 Dd3+ 7. Ke5 Dd5# 0-1.**

Ingvar Þór Jóhannesson er efstur á Skákhátíð MótX eftir óvæntan sigur á Hjörvari Steini Grétarssyni. Alexander Oliver Mai, Arnar Heiðarsson og Gunnar Erik Guðmundsson eru efstir í b-flokki.

**www.skak.is:** Skákhátíð MótX.

**Svartur á leik**








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Mér finnst skipta svo miklu máli að skilja eitthvað eftir fyrir áhorfandann, segir Mýrmann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tæknin er verkfæri

**Víðir Mýrmann sýnir olíumálverk í Gallerii Fold. Segir sögu í öllum verkunum. Vill miðla til fólks án þess að gefa svör.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin Árstíðir stendur nú yfir í Gallerii Fold en þar eru sýnd níu olíuverk eftir Víði Mýrmann Þrastarson. Þetta er önnur einkasýning Mýrmanns í Gallerii Fold en hann hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og haldið um tuttugu einkasýningar. Verk hans eru í einkaeigu á Íslandi, í Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Noregi.

„Þetta eru verk sem sýna árstíðirnar og ég stúderaði litasamsetningar áður en ég fór að velta fyrir mér mótífum," segir Mýrmann. „Í öllum verkum mínum er saga, þarna eru sauðkindur, kýr, hrafnar, bátar, skip, náttúra, jörð og önnur tákn. Ég gæti þess að gefa ekki allt of mikið upp í sambandi við það. Mér finnst skipta svo miklu máli að skilja eitthvað eftir fyrir áhorfandann."

Spurður um áhrif segir hann: „Ég er alinn upp í sveit að hluta til og einhver áhrif koma þaðan. Ég er að vinna með bakgrunn minn, umhverfi og ekki síst tilfinningar sem mótuðust innra með mér þegar ég var barn og ég hef tekið með mér inn í fullorðinsárin."

## Dökk rómantík

Segja má að ákveðin dulúð hvíli yfir myndunum á þessari sýningu. „Fólk nefnir oft að myndirnar séu dulúðugar og þá finnst mér að mér sé að takast að miðla einhverju til fólks án þess að gefa því öll svörin. Þannig finnst mér að listin eigi að vera, hún á að spyrja spurninga og reyna að finna svörin.

Ég vinn mikið með rómantík, það má kannski kalla þetta dökka rómantík. Táknheimurinn skiptir mig líka máli og dulspekin er mér hugleikin þar sem hún tengist æðri meðvitund, guðdómi og andans málum. Umbreytingarkrafturinn er mikilvægur en hann byggist á heimspekinni um gullgerðarlistina þar sem einu efni er breytt í annað. Listamenn vinna á svipaðan hátt, taka hugmynd og gera eitthvað úr henni."

## Lærði hjá Nerdrum

Mýrmann er nemandi norska málarans Odd Nerdrum. „Ég bjó hjá honum í hálft ár, 2011-2012, á bóndabænum hans í Noregi. Þegar ég kom til hans og kynntist honum og öðrum listamönnum sem þarna voru þá fannst mér eins og ég væri kominn heim. Þarna var ég innan um fólk sem hugsaði eins og ég. Odd var ekki mikið að kenna mér tækni enda kunni ég hana. Tækni er bara verkfæri, maður skapar ekki góða list með tækni einni saman. Það mikilvægasta sem ég lærði þarna sneri að heimspekilegum pælingum á bak við listina og hugmyndum um það sem drífur mann áfram í sköpuninni. Við Odd hittumst oft á kvöldin eftir stúdíótímana og röbbuðum um listina og áhrif hennar."

Í fyrra lauk Mýrmann mastersgráðu í hönnunarnámi frá University of Creative Arts í Bretlandi. „Ég lærði mikið í því námi og það má segja að ég hafi þar á vissan hátt fundið mig og áttað mig á því hvað ég vil gera," segir hann.



Heildarútkoman var óneitanlega vonbrigði. MYND/GUÐNÝ HELGADÓTTIR

# Máttlaus tónlist við magnað ljóð

**TÓNLIST**

**Blóðhófnir**

★★½☆☆

**Kammerópera eftir Kristínu Þóru Haraldsdóttur við ljóðabálk Gerðar Kristnýjar.**

**Iðnó**

Sunnudaginn 26. janúar

**Flytjendur:** Tónlistarhópurinn Umbra ásamt gestum.

Fyrir nokkru síðan kom hingað djasspíanistinn og tónskáldið Jan Lundgren. Hann flutti ásamt kór frægt endurreisnarverk sem hann var búinn að endursemja, tónlistin var eins konar hugleiðing um upprunalegu tónsmíðina. Segja má að hún hafi þannig öðlast ákveðnari sess í nútímanum, hún líkt og fjallaði um samtímaleg málefni, en þó alltaf með skírskotun í liðinn heim. Fortíð og nútíð sameinuðust á eftirminnilegan máta.

Hugsanlega má halda einhverju svipuðu fram um ljóðabálkinn í bókinni Blóðhófni eftir Gerði Kristnýju. Hann var frumfluttur sem kammerópera eftir Kristínu Þóru Haraldsdóttur á Myrkum músíkdögum í Iðnó á sunnudagskvöldið. Textinn er byggður á einu þekktasta ljóði Eddukvæða, Skírnismálum. Söguhetjan, frjósemisgoðið Freyr, sem á unglingsárunum, sest í hásæti Óðins án leyfis og sér þar um heim allan. Jötnamærin Gerður vekur athygli hans og þar sem hann er frjósemisgoð verður hann að komast yfir hana. Félagi hans Skírnir tekur þetta að sér gegn gjaldi, en þar sem Gerður vill ekkert með Frey hafa, hefur Skírnir í hótunum við hana og neyðir hana til fylgilags við Frey.

## Ofbeldi gegn konum

Ljóðið í Eddukvæðunum hefur lengi verið túlkað sem ástarljóð og talið táknrænt fyrir nýútsprungna frjósemi gelgjuáranna með tilheyrandi manndómsvígslu. Í ljóðabálki Gerðar Kristnýjar er það hins vegar árásin á konuna sem er meginþemað. Ljóð hennar snýst um ofbeldi, þar er ógn, illska, hatur og beiskja; stemningin er átakanleg.

Tónlistin náði þessu ekkert sérlega vel. Eins og áður segir var þetta kallað kammerópera; nokkrir strengjaleikarar spiluðu, en einnig var leikið á keltneska hörpu og harmóníum (stofuorgel). Lilja Dögg Gunnarsdóttir söng, en hljómsveitin tók undir í söngnum á völdum köflum. Stundum var einhvers konar „víkingabragur" á tónlistinni, taktfastur þjóðlagastíll, nánast eins og undir dansinn vikivaka, en inn á milli var hún mínímalísk, með síendurteknum laghendingum. Undiraldan í ljóðinu skilaði sér aldrei í músíkinni, þjóðlagakeimurinn virkaði máttlaus, hann var svo vinalegur. Áhrifaríkustu augnablikin voru þegar tónlistin var sem einföldust, endurtekningar sköpuðu seiðandi stemningu. Því miður var lítið af henni.

## Of kurteislegt

Að hluta til má kenna söngkonunni Lilju Dögg um að tónlistin varð sjaldnast að neinu bitastæðu. Túlkun hennar var of kurteisleg, eins og hún lifði sig ekki inn í textann að neinu marki. Strengjaleikurinn var líka fremur litlaus, það var helst keltneska harpan sem skapaði töfra, en þeir dugðu varla einir og sér.

Titillinn kammerópera er ónákvæmur. Sviðsetning var ekki fyrir hendi, enginn leikur eða það að söngnum væri kastað á milli ólíkra söngvara. Þetta voru miklu frekar ljóðatónleikar. Að vísu var sviðsmynd, en hún var í formi myndverks sem var varpað yfir sviðið. Það var ansi klént, aðeins einhverjir skuggar á hreyfingu sem gerðu fátt fyrir tónlistina. Heildarútkoman var óneitanlega vonbrigði.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Ósannfærandi tónlist sem komst aldrei á flug.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 30. JANÚAR 2019

### Fjölskyldustund

**Hvað?** Skoðað og skynjað
**Hvar?** Gerðarsafn, Hamraborg 4
**Hvenær?** 10.00
Skapandi samverustund fyrir ungabörn og foreldra þeirra þar sem listaverk og umhverfið verður skoðað með skynjunarkubbum sem birta liti, form og ljós. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

### Orðsins list

**Hvað?** Fyrirlestur
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Skúlagata 4
Allen Pope, framkvæmdastjóri Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC), fjallar um hlutverk nefndarinnar og hvernig vísindamenn á Íslandi geta nýtt sér samstarf við hana. Erindið er öllum opið, það verður flutt á ensku.

### Tónlist

**Hvað?** Sönglög Íslands og Rússlands
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Nathalía D. Halldórsdóttir mezzosópran og Hjörtur Ingvi Jóhannsson píanó flytja þekktar íslenskar söngperlur með rússneskri sál og rússnesk þekkt sönglög í stíl. Aðgangseyrir er 1.500 kr., ekki er tekið við greiðslukortum.

**Hvað?** Dúó Freyja/Myrkir músíkdagar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 8
Heimsfrumflutningur á dúettum fyrir fiðlu og víólu eftir sex íslenskar konur, Mist Þorkelsdóttur, Elínu Gunnlaugsdóttur, Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur, Báru Grímsdóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur.

**Hvað?** Caput með Veronique Vöku, K.óla og Gavin Bryars
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Breiðholtskirkja
Caput flytur tónlist þriggja tónskálda 21. aldarinnar.

**Hvað?** Bára & Skúli á Myrkum músíkdögum
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Iðnó
Bára Gísladóttir og Skúli Sverrisson frumflytja brot af spunatónsmíðum sínum fyrir raf- og kontrabassa.

K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

# Mercedes íhugar að draga sig út úr Formúlu 1 á þessu ári

Innanbúðarmenn hjá Mercedes segja að svo gæti farið að liðið yrði selt og gegnum fléttu fá svo nýtt nafn, sem yrði Aston Martin. Einnig er líklegt að Lewis Hamilton myndi um leið ganga til liðs við Ferrari. Er það keppnisstjóri Merdedes, Toto Wolff, sem myndi leiða tilfærsluna yfir til Aston Martin ef af verður.

Ákvörðun um hvort Mercedes hætti sem framleiðandi í Formúlu 1 verður tekin á næsta stjórnarfundi Daimler, en heimildir segja að hann verði haldinn 12. febrúar.

Þótt ekkert hafi verið ákveðið enn mun Mercedes vera að íhuga brotthvarf sitt mjög alvarlega og kemur þar margt til. Glímir Daimler meðal annars við minnkandi hagnað, háan hönnunarkostnað á öðrum sviðum og leiðir til að minnka kolefnisfótspor sitt. Daimler er undir pressu með að ákveða sig fljótlega til að hafa ekki áhrif á keppnistímabilið árið 2021. Segja þarf upp sæti sínu í Formúlu 1 með níu mánaða fyrirvara til þess að gefa væntanlegum kaupendum tíma til að taka við.



Lewis Hamilton við prófun á Mercedes bíl sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Mercedes hefur unnið alla titla síðan árið 2014 og hefur sett mjög mikið mark á keppnina á síðustu árum. Eflaust fagna einhverjir því að svona ráðandi keppandi í Formúlu 1 sé að hætta, en líkast til hverfur Mercedes þó ekki alveg af sjónarsviði Formúlu 1.

Telja má líklegt að Mercedes muni halda áfram sem framleiðandi véla. Það mun gefa fyrirtækinu áframhaldandi sýnileika á þessu mikla sjónarsviði mótorsportsins.



Verkleg AT32 útgáfa Nissan Navara er breytt af Arctic Trucks.

# Nissan kynnir nýja útgáfu AT32

Nissan bílaframleiðandinn er í samstarfi við íslenska breytingafyrirtækið Arctic Trucks um verklegar útgáfur Nissan Navara og á dögunum var kynnt ný og uppfærð útgáfa af AT32 pallbílnum fyrir Evrópumarkað.

Nafnið AT32 kemur frá nafni Arctic Trucks annars vegar og stærð dekkjanna hins vegar, en dekkin eru af nýrri og endurbættri hönnun. Auk hækkunar fyrir dekkin kemur bíllinn á Bilstein keppnisfjöðrun og merktur í bak og fyrir. Komin er sérsmíðuð hlíf úr áli undir vélina og 17 tommu álfelgurnar eru með tveimur loftstútum til að auðvelda breytingar á loftþrýstingi. Hægt er að panta sérstaklega rafstýrða mismunadrifslæsingu að framan og snorkel sem eykur vaðdýpt bílsins úr 600 mm í 800 mm.

Á Íslandi er nýkomin til landsins endurhönnuð útgáfa af Navara með meiri búnaði, togmeiri vél og nýrri beinskiptingu. Eykst togið í 425 newtonmetra og hækkar einnig burðargeta bílsins um allt að 114 kg. Bremsugeta bílanna mun einnig aukast því komnar eru diskabremsur að aftan og loks verður fimm arma fjöðrunarkerfið einnig í boði í King Cab. Að sögn Erlings Gauta Jónssonar, vörumerkjastjóra Nissan hjá BL, er von á nýjum Navara í 33 tommu útgáfu frá Arctic Trucks í sýningarsal á næstunni.

# Suzuki stendur frammi fyrir að hætta sölu á Jimny í Evrópu

Síðasta fórnarlamb strangari mengunarreglna í Evrópu er smájeppinn Suzuki Jimny. Hann hefur verið vinsæll á Íslandi um árabil og árið 2019 kom ný kynslóð sem selst hefur vel hérlendis og var meðal annars í úrslitum í jeppaflokki fyrir valið á Bíl ársins 2020.




Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is


Nú eru allar líkur á að Suzuki muni hætta sölu á Jimny í bili í Evrópu og hefur Suzuki þegar beðið söluaðila sína um að hætta að taka við pöntunum í Jimny. Ástæðan fyrir því að Suzuki vill hætta sölu á honum eru mengunarmörk ESB fyrir 2021, en samkvæmt þeim má meðaltal $CO_2$ gildis allra seldra bíla viðkomandi framleiðanda ekki fara yfir 95 g/km. Annars þarf framleiðandinn að borga háar sektir fyrir hvert gramm sem fer fram yfir mörkin, sinnum fjölda seldra bíla og er um verulegar fjárhæðir að ræða. Suzuki Jimny er seldur með 1,5 lítra bensínvél í Evrópu og er mengunargildi hennar frekar hátt eða 154-170 g/km eftir því hvort hann kemur með beinskiptingu eða sjálfskiptingu. Hann er ekki boðinn með neinni tvinntækni sem lækkað getur $CO_2$ innihald verulega og þess vegna er ekki talið hagkvæmt að halda sölu á honum áfram í bili, því að með hverjum seldum Jimny hækkar hið óhagkvæma meðaltal.

Suzuki í Evrópu hefur hins vegar sett stefnuna á að selja Suzuki bíla sem tvinnbíla til að standa sig betur gagnvart mengunarviðmiðunum. Suzuki selur þegar Ignis og Swift með 12V tvinnkerfi og S-Cross og Vitara verða með 1,4 lítra vél og 48V tvinnútgáfu. Suzuki mun þó áfram selja einhver módel af Jimny frá 2021 í Evrópu sem atvinnubíl, en þá aðeins með fremri sætaröðinni. Atvinnubílar þurfa nefnilega ekki að undirgangast þessi ströngu mengunarviðmið. Líklegt er talið að Jimny komi aftur á markað með öðrum vélbúnaði á seinni stigum.



Suzuki Jimny er vinsæll jeppi og í sumum löndum er allt að árs biðlisti eftir honum. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON THORS

**ÁSTÆÐAN FYRIR AÐ SUZUKI Í EVRÓPU VILL HÆTTA SÖLU Á JIMNY ERU STRANGIR MENGUNARSTAÐLAR ESB FYRIR ÁRIÐ 2021.**

Að sögn Sonju G. Ólafsdóttur, markaðsstjóra Suzuki á Íslandi, er staðan óljós fyrir næsta ár. „Þetta ár gengur allt upp hjá okkur, og við fáum alla þá Jimny sem við erum búin að panta," segir Sonja. Fyrir þá sem vilja kaupa þennan ódýra en verklega jeppa er því um að gera að hafa hraðar hendur á meðan að umboðið á enn þá bíla.

# Mercedes-Benz sýnir EQS rafbílinn í dulargervi

Nýr Mercedes-Benz EQS er 100% rafdrifinn lúxusbíll sem vænta má frá framleiðandanum á næsta ári. Þessar nýju myndir frá Mercedes sýna framleiðslumódel EQS í dulargervi ásamt Vision EQS tilraunabílnum sem hann byggir á. Samt má greinilega sjá muninn á bílunum og hvernig hann líkist að mörgu leyti EQC rafjeppanum.

Nýr EQS mun keppa við bíla eins og Tesla Model S en hann er 5.295 mm að lengd. Það er 24 mm lengra en í S-línu Mercedes sem dæmi, enda önnur hönnun á undirvagni sem byggir á rafhlöðu. Ef tækniupplýsingar hans verað á pari við Vision EQS mun hann hafa allt að 700 km drægni, og á 20 mínútum geta hlaðið rafmagn sem dugar til 560 km aksturs frá 350 kW hleðslustöð. Tveir rafmótorar verða í bílnum sem og fjórhjóladrif og hann verður 4,5 sekúndur í hundraðið.



Þótt felgurnar verði minni og bíllinn ekki eins sleiktur aftur er hann talsvert líkur Vision EQS hugmyndabílnum.

# Benz Unimog setur hæðarmet

Í sjötíu ár hafa Unimog torfærubílarnir verið meðal víðförlustu ökutækja veraldar. Það var enn staðfest nú í janúar þegar tveir slíkir með alls tíu manns í áhöfn óku upp á hæsta eldfjall jarðarinnar, Ojos de Salado í Chile.

Eldfjallið er 6.893 metrar þar sem það er hæst en annar Unimog bílanna ók upp í 6.694 metra og sló þar með hæðarmet ökutækja. Hlutverk bílanna var að koma fyrir radíómælitækjum til að vara fjallamenn og vísindamenn við yfirvofandi hættu, en ekki er hægt að nota þyrlur í þessari hæð. Það var ferðafyrirtækið Extreme Events sem sá um að keyra bílana undir forystu Matthias Jeschke og lið hans sló þar með sitt eigið met sem sett var 2014 á Mercedes-Benz Zetros.

Leiðangurinn var styrktur af Mercedes-Benz Special Trucks sem lánaði tvo Unimog U 5023 af nýjustu kynslóð til verksins. Báðir bílarnir voru sérútbúnir á stórum dekkjum, með sérstakar vindur og yfirbyggingu sem fært getur til þyngdarpunkt sinn. Þrátt fyrir að þurft hafi að nota vindur hluta leiðarinnar til að ná þessari hæð, setti leiðangurinn samt annað met í leiðinni sem var að aka Unimog bílunum í þessari hæð líka, sem var einnig met.



Sérbreyttir Unimog bílarnir notuðu öflug spil og eigið vélarafl í bland til að komast upp erfiðustu hjallana upp á Ojos de Salado eldfjallið.


American Style
Doritos
SUPER BOWL
SUNNUDAG
22:00
SPORT
Tryggðu þér áskrift stod2.is | 1817

netto

# KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook síðu Nettó varðandi kynningar í verslunum á Heilsudögum.

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!




# OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

## Fimmtudagur 30. jan.

*Tilboð dagsins*

**Änglamark sápukrem**
500 ml fylling
**199** KR/PK
**ÁÐUR:** 369 KR/PK
46% AFSLÁTTUR

**Änglamark hreinsiklútar**
25 stk
**99** KR/PK
**ÁÐUR:** 199 KR/PK
50% AFSLÁTTUR

**Sítrónur** (kg)

## Föstudagur 31. jan.

*Tilboð dagsins*

**Fulfil**
Brownie eða hnetusmjör
**189** KR/STK
**ÁÐUR:** 319 KR/STK
40% AFSLÁTTUR

**Vit Hit drykkur**
Revive Citrus eða Lean&Green
**149** KR/STK
**ÁÐUR:** 259 KR/STK
42% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR
**Bláber** (125g)

## Laugardagur 1. feb.

*Tilboð dagsins*

**Atkins Bar**
35 gr - Caramel Nougat
**129** KR/STK
**ÁÐUR:** 199 KR/STK
35% AFSLÁTTUR

**Prótein pönnukaka**
45 gr - Súkkulaði, karamellu, bláberja eða vanillu
**175** KR/STK
**ÁÐUR:** 269 KR/STK

50% AFSLÁTTUR
**Sætar kartöflur** (kg)



# ALLT Á HEILSUDÖGUM Í VEFVERSLUNINNI

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS

# VERIÐ VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA

## 23. JANÚAR - 2. FEBRÚAR

### Änglamark snyrtivörur - Engin aukaefni

25% AFSLÁTTUR




- ✔ Engin astma- og ofnæmisvaldandi efni
- ✔ Engin litar- eða lyktarefni
- ✔ Framleitt úr völdum innihaldsefnum
- ✔ Svansvottaðar vörur

### Änglamark matvörur - Lífrænt vottuð

25% AFSLÁTTUR




### Allar vörur frá Now á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR




### Allar vörur frá Maku á 20% afslætti

20% AFSLÁTTUR



### Allar vörur frá Isola á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR




### Nano pönnukökur á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR




### Heilsubækur á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR




### Allar vörur frá Sistema á 20% afslætti

20% AFSLÁTTUR



**Heilsudagar standa yfir dagana 23. janúar - 2. febrúar 2020**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



Stóra systir Lovísu Láru kom henni ungri á blóðbragð hryllingsmynda meðal annars með því að sýna henni Frostbiter og kynna Freddie Krueger fyrir henni.

# Hryllilegt öryggi á Skaganum

**Kvikmyndahátíðin Frostbiter verður haldin á Akranesi í fjórða sinn um helgina. Kvikmyndagerðarkonan Lovísa Lára mælir með hryllilegri heimsókn á Skagann þar sem leikstjóri Troma-myndarinnar Frostbiter heimsfrumsýnir nýja mynd.**

Frostbiter er eina íslenska kvikmyndahátíðin sem snýst eingöngu um hryllingsmyndir, þá annars ágætu kvikmyndagrein sem oft er að ósekju litin hornauga.

„Þetta er svo skemmtilegt umhverfi að vera í fyrir hrylling og upplifunin verður aðeins öðruvísi þegar hryllingurinn er kominn aðeins út fyrir borgina,“ segir kvikmyndagerðarkonan Lovísa Lára Halldórsdóttir sem heldur, ásamt Ársæli Rafni, kvikmyndahátíðina Frostbiter á Akranesi í fjórða skipti um helgina.

Lovísa Lára segir að í upphafi hafi þau fyrst og fremst ætlað hátíðinni að vekja athygli á kvikmyndagreininni, lyfta henni og finna ferskt blóð sem þau töldu víst að hlyti að leynast í köldu, íslensku myrkrinu.

„Okkur fannst svolítið skrýtið að það væri ekki meira af hrollvekjum í kvikmyndum á Íslandi miðað við hvað við eigum mikið af hryllingssögum og svona,“ segir Lovísa Lára og bendir á að það hljóti að sæta furðu að í samfélagi þar sem trú á drauga, móra og skottur er jafn rótgróin og raun ber vitni skuli þjóðsagnaarfinum ekki gefinn meiri gaumur í bíómyndum.

„Við eigum þessar sögur alveg og getum sagt þær og okkur fannst undarlegt hversu lítið væri að gerast í bíómyndunum þannig að við

**OKKUR FANNST SVOLÍTIÐ SKRÝTIÐ AÐ ÞAÐ VÆRI EKKI MEIRA AF HROLLVEKJUM Í KVIKMYNDUM Á ÍSLANDI MIÐAÐ VIÐ HVAÐ VIÐ EIGUM MIKIÐ AF HRYLLINGSSÖGUM.**

hugsuðum hátíðina sem leið fyrir kvikmyndagerðarfólk að koma saman, sjá hvað aðrir eru að gera og sýna sitt,“ segir Lovísa Lára sem fær á hverju ári fleiri staðfestingar á því að þau Ársæll höfðu eitthvað fyrir sér í hryllingskenningum sínum.

„Fyrsta árið fengum við nú ekki margar íslenskar myndir sendar en þetta hefur aukist mikið og við höfum aldrei fengið jafn margar myndir og í ár. Það er rosalega skemmtilegt að sjá þessa breytingu,“ segir Lovísa Lára og bendir á að vitaskuld eru íslenskar hryllingstilraunir helst gerðar í stuttmyndum.

### Ótti í vernduðu umhverfi

„Við erum bæði að sýna stuttmyndir og myndir í fullri lengd. Stuttmyndirnar eru bæði íslenskar og erlendar en það er skemmtilegt við stuttmyndirnar að í þeim er fólk að skoða fullt af hugmyndum og prófa sig áfram með hluti sem það myndi kannski ekki gera í myndum í fullri lengd og þannig sér maður oft pínulítið inn í framtíð hryllingsins í þessum stuttmyndum.“

Lovísa Lára segir óhætt að tala um að Frostbiter hafi fest sig í sessi á Skaganum og gestum fjölgi með hverju árinu. „Það var kannski smá erfitt fyrst að sannfæra fólk um að koma alla leið, sérstaklega þegar það var rukkað í göngin og svona, en fólk er að átta sig á að þetta er ekki svo langt að keyra,“ segir Lovísa Lára og bætir við að eftir að hætt var að rukka í Hvalfjarðargöngin sé fólk enn frekar til í að kíkja.

„Það verður eitthvað í gangi alla helgina,“ segir Lovísa Lára en hátíðin hefst á föstudaginn og lýkur á sunnudaginn en auk hryllingsbíós verður boðið upp á pubquiz og ýmsar uppákomur.

Þá bendir hún á að umhverfið á Akranesi sé alveg upplagt sem baksvið hryllingsmyndagláps og þeirrar undarlegu ánægju sem því fylgir. „Ég held að það sé einmitt þessi spenna sem fylgir því að upplifa hræðslu en gera það í vernduðu umhverfi,“ segir hryllingsgestgjafinn á Skaganum um aðdráttarafl hryllingsmyndanna.

„Það er skemmtilegt og það vilja allir upplifa ótta svona í öryggi bíóhússins eða heima hjá sér. Maður vill ekkert upplifa alvöru hrylling en það er einhver útrás að gera það í vernduðu umhverfi. Það er eitthvað voða gott við það og ég held það sé bara heilandi fyrir sálina.“

### Velkominn vágestur

Leikstjórinn Tom Chaney er sérstakur gestur hátíðarinnar að þessu sinni og honum var síður en svo boðið til landsins alveg út í bláinn en hann leikstýrði Troma-myndinni Frostbiter: Wrath of the Wendigo.

„Myndin á 25 ára afmæli á þessu ári og þar sem hátíðin dregur nafn sitt af henni fannst okkur þetta kjörið tilefni til þess að hafa samband við leikstjórann og hann er að koma á hátíðina. Hann verður viðstaddur sýningu myndarinnar og svo kom í ljós að hann var að fara að frumsýna nýja mynd, The Wind Walker, þannig að hún verður heimsfrumsýnd hérna.“

toti@frettabladid.is


Lloyd Kaufman reyndi að hengja sig í bindinu sínu fyrir framan ljósmyndara Fréttablaðsins í Reykjavík 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### Troma er eins og herpes

**Troma Entertainment er kynlegur kvistur í bandarískri kvikmyndaflóru en félagarnir Micael Herz og Lloyd Kaufman stofnuðu kvikmyndaverið 1974 og allar götur síðan hefur Troma framleitt ódýrar þjóðfélagsádeilur stútfullar af nekt, kynlífi og hryllingi.**

**Lloyd Kaufman sótti Ísland heim 2005 og sagði þá í viðtali við Fréttablaðið að þeir Herz hefðu stofnað Troma með það að markmiði að koma á heimsfriði í gegnum appelsínuhúð. „Við erum eins og herpes. Við hverfum aldrei,“ sagði Kaufman við Fréttablaðið fyrir tæpum fimmtán árum og enn er Troma að.**

**„Ég elska bíómyndir. Það er ekkert flóknara en það. Ég gerði þau mistök að fara í Yale-háskólann sem er sá besti í Bandaríkjunum,“ sagði hann um upphaf Troma. „Ég ætlaði að verða kennari eða félagsráðgjafi. Þetta var sjöundi áratugurinn og ég ætlaði að bæta heiminn. Ég fékk svo bíóbrjálæðing fyrir herbergisfélaga á heimavistinni.**

**Herbergið var lítið og rúmin okkar lágu þétt saman þannig að um nætur andaði ég Goddard-táfýlunni af fótunum á honum að mér og Troma varð til.**

**Hann lét mig horfa á allar þessar frábæru myndir eftir John Ford, Renoir, Fritz Lang, Andy Warhol og Leni Riefenstahl og ég smitaðist.“**





EKKI MISSA AF ÞESSU!
ÚTSALA
ÁRSINS
AÐEINS 3 DAGAR EFTIR!
ALLT AÐ
50.000
AFSLÁTTUR
AF FARTÖLVUM
ALLT AÐ
75%
AFSLÁTTUR
Af yfir 1000
vörum
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
Af tölvuskjám
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Í dag og föstudag
10:00 - 18:00
Laugard. 1.feb
10:00 - 18:00
Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
30. janúar 2020 • Tilboð gilda 2. - 31. janúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# Stærsta efnisveita með íslenskt sjónvarpsefni

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins
**3.990 kr./mán.**




MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
**stod2.is | 1817**


# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### HRINGBRAUT

**20.00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
**21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi** 21 er kröftugur frétta- og umræðuþáttur á Hringbraut í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Lindu Blöndal. Í 21 koma viðmælendur víða að og þar verða sagðar sögur og fréttir dagsins í dag kryfjaðar.
**21.30 Heilsugæslan** Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

### RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Gettu betur 1992 VMA - MH**
**14.00 Landinn 2010-2011**
**14.30 Neytendavaktin**
**15.00 Tíminn líður hratt. Hvað veistu um Söngvakeppnina?**
**15.30 Örkin**
**16.00 Lestarklefinn** Gestir Lestarklefans eru Ilmur Kristjánsdóttir, Margrét Áskelsdóttir og Þorsteinn Surmeli. Rætt er um leiksýninguna Teenage Songbook of Love and Sex, sýninguna Þögult vor í Hafnarborg og kvikmyndina Jojo Rabbit. Umsjón hefur Davíð Kjartan Gestsson.
**17.00 Matarspæjararnir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Anna og vélmennin**
**18.23 Lars uppvakningur**
**18.38 Handboltaáskorunin**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Rick Stein og franska eldhúsið**
**21.10 Vinkonur – Girlfriends**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Okkar á milli**
**22.50 Á önglinum – Koukussa** Önnur þáttaröð hefst þremur árum eftir lok þeirrar fyrstu og Oskari hefur misst starf sitt hjá lögreglunni og endað röngum megin við lögin. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Santeri Mäntylä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Brot**
**00.25 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Saudi International** Bein útsending frá Saudi International.
**10.00 Gainbridge LPGA at Boca Rio** Útsending frá Gainbridge LPGA at Boca Rio.
**11.30 Saudi International** Bein útsending frá Saudi International.
**14.30 Saudi International** Útsending frá lokadegi Saudi International.
**16.15 PGA Tour 2018 Special. Stories from PGA Tour**
**17.05 Waste Management Phoenix Open** Útsending frá lokadegi Waste Management Phoenix Open á PGA-mótaröðinni.
**19.35 Inside the PGA**
**20.00 PGA Tour** Bein útsending frá Waste Management Phoenix Open.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 The Bachelor**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Superior Donuts**
**19.45 Trúnó**
**20.20 Lifum lengur**
**21.00 9-1-1**
**21.50 Emergence**
**22.35 Love Island**
**23.20 The Late Late Show**
**00.05 NCIS**
**00.50 Law and Order. Special Victims Unit**
**01.35 Catch-22**
**02.20 Perpetual Grace LTD**
**03.00 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunhugleiðsla**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp UngRÚV Upptakturinn 2019 - Tómas og Lára**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal**
**19.27 Sinfóníutónleikar. Myrkir músíkdagar**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05 Brad's Status**
**12.45 Epic**
**14.30 Road Less Travelled**
**16.00 Brad's Status**
**17.45 Epic**
**19.30 Road Less Travelled**
**21.00 Blockers**
**22.40 Max Steel**
**00.10 The Foreigner**
**02.00 Blockers**

### STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.20 Gilmore Girls**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Gossip Girl**
**10.10 Dýraspítalinn**
**10.40 Í eldhúsi Evu**
**11.15 Á uppleið**
**11.50 Deception**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Breslin and Hamill. Deadline Artists**
**14.45 Despicable Me 3**
**16.15 Stelpurnar**
**16.40 Making Child Prodigies**
**17.08 Friends**
**17.41 Bold and the Beautiful**
**18.01 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Dagvaktin**
**19.45 Battle of the Fittest Couples**
**20.30 NCIS**
**21.15 S.W.A.T.**
**22.00 Magnum P.I.**
**22.45 Real Time With Bill Maher**
**23.45 Prodigal Son**
**00.30 Shameless**
**01.25 Game Of Thrones** Fjórða þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.
**02.20 Game Of Thrones**
**03.15 Game Of Thrones**
**04.10 Game Of Thrones**

### STÖÐ 3

**19.10 Fresh Off The Boat**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Supergirl**
**21.35 Batwoman**
**22.20 Bara grín**
**22.50 Outlander**
**23.50 The Simpsons**
**00.15 American Dad**
**00.40 Fresh Off The Boat**
**01.05 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Napoli - Juventus**
**08.40 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**09.10 Kansas City Chiefs - Tennessee Titans** Útsending frá undanúrslitum í NFL.
**11.35 Ensku bikarmörkin**
**12.05 Football League Show** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
**12.35 Valur - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
**14.15 Valur - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
**15.55 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís deildarinnar.
**17.25 Manchester City - Manchester United** Útsending frá leik í undanúrslitum enska deildabikarsins.
**19.05 KR - ÍR** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
**21.15 NFL. Road to the Super Bowl**
**22.15 San Francisco 49ers - Green Bay Packers** Útsending frá undanúrslitum í NFL.

### STÖÐ 2 SPORT 2

**19.05 KR - ÍR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# KLÁRAST UM HELGINA!

ALLT AÐ

# 50% AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

# Gengið út í hléi



Oft bjarga réttarmeinafræðingar því sem bjargað verður og hún Hugrún er svo sannarlega stétt sinni til sóma. Arndís Hrönn og Nína Dögg blása þó ekki lífi í þetta lík.

**SJÓNVARP**

**Brot**

★★☆☆☆

**Leikstjórn:** Þórður Pálsson, Þóra Hilmarsdóttir, Davíð Óskar Ólafsson
**Handrit:** Óttar Norðfjörð, Mikael Torfason, Margrét Örnólfsdóttir, Ottó Geir Borg
**Aðalhlutverk:** Nína Dögg Filippusdóttir, Björn Thors, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Edda Björgvinsdóttir

Þegar tveir þættir eru eftir af átta þátta glæpaseríunni Brot eru hverfandi líkur á að spennan nái slíkum straumi að seigfljótandi klisjusúpan sjóði upp úr. Miklar væntingar voru eðlilega gerðar til þáttanna enda fáheyrt að Netflix hendi peningum í íslenskt púkk af þessu tagi til þess að streyma því um víða veröld. Eðlilega hljóta því kröfurnar til þáttanna að vera talsverðar og því miður eru vonbrigðin umtalsverð.

Staðan í hálfleik var einfaldlega þannig að ef Brot væri bíómynd, en ekki íslenskir spennuþættir sem ætlað er að vekja heimsathygli, hefði maður gengið út í hléi. Það lofar ekki góðu þegar helsti spennuvaldurinn er hversu mörgum klisjum verði bætt við súpuna í næsta þætti og um hversu fáránlega heimsku aðalpersónurnar geta gert sig sekar um. Að vísu hafa þættirnir vakið slíka forvitni að óneitanlega er maður kominn með smá fíðring fyrir hvaða heimskupörum „metnaðarfulla rannsóknarlögreglukonan með augastað á stöðu yfirmanns rannsóknardeildarinnar“ tekur upp á næst.

**Klaufaskapur og fúsk**

Klisjur geta verið ágætar og góðar til síns brúks. Annars væru þær ekki klisjur. Hins vegar þarf að snúa þeim á einhverja kanta, finna þeim nýja fleti og samhengi og í öllum bænum fara sparlega með þær. Hér er einhvern veginn eins og allar klisjur glæpabókmenntanna, ef ekki gervallrar afþreyingarmenningarinnar, séu soðnar saman en kjötkrafturinn og sósuþykkirinn gleymst.

Það er víst þekkt staðreynd í kokkafræðunum að gúllassúpan getur orðið verri eftir því sem fleiri kokkar koma að gerð hennar og Brot er þannig súpa. Frá fyrsta þætti hefur ekkert komið raunverulega á óvart nema fádæma klaufaskapur og fúsk aðalpersónanna sem eiga að vera svaka klárar löggur. Persónusköpunin er líka átakanlega grunn og hvergi örlar á spennu eða alvöru tengingum milli þeirra Katrínar og Arnars sem Nína Dögg og Björn Thors sitja uppi með og neyðast einhvern veginn til að leika langt undir getu og alkunnum hæfileikum.

Þetta er þó ekki alslæmt og þannig er tónlist Péturs Ben stórgóð og af og til magnast upp drungaleg stemning án þess þó að spenna náist upp enda fjarar hún jafnóðum út í stirðum samtölum og flumbrugangi sem er með slíkum ólíkindum að maður þarf ekkert að vera Biggi lögga til að sjá að þetta bara getur ekki gengið upp.

**Umdeild rækjusamloka**

Aukapersónur og leikarar eiga góðu heilli á köflum betri daga og tilþrif en aðalpersónurnar og Arndís Hrönn Egilsdóttir er til dæmis í helvíti góðum gír sem réttarmeinafræðingurinn Hugrún. Að vísu er það gömul og góð klisja að einmitt sú stétt leggi til skemmtilegustu aukapersónurnar í glæpaþáttum í sjónvarpi.

Þá eru þær allt of sjaldséðu leikkonur Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Guðlaug Ólafsdóttir búnar að minna ánægjulega á sig. Sérstaklega Arnbjörg sem stal fyrsta þætti eins og hann lagði sig með nístandi túlkun fíkils í djúpum skít. Víkingur Kristjánsson er síðan enn eitt ljósið í klisjudrunganum en hann leikur sveitalögreglustjóra með slíkum tilþrifum, klisjukenndum að sjálfsögðu, að hrepparígur og kunnuglegt nöldur milli þétt- og dreifbýlis blossaði upp eftir að hann lét sjá sig með rækjusamloku á vettvangi.

Sagan, hvert sem hún fer eða var ætlað að stefna, stendur þó engan veginn undir átta þáttum og breytir þá engu þótt allir hafi örugglega reynt sitt besta. Súpan getur aldrei orðið góð ef uppskriftin er í kolröngum hlutföllum.

**Þórarinn Þórarinsson**



Arnar ofurlögga frá Osló hleypur stanslaust í öllum frístundum en getur engan veginn hlaupið uppi morðingjann sem hlýtur að geta hlaupið sig upp á verðlaunapall á Ólympíuleikunum.



Katrín stefnir á æðstu metorð innan lögreglunnar á undarlegum forsendum.

**STAÐAN Í HÁLFLEIK VAR EINFALDLEGA ÞANNIG AÐ EF BROT VÆRI BÍÓMYND, EN EKKI ÍSLENSKIR SPENNUÞÆTTIR SEM ÆTLAÐ ER AÐ VEKJA HEIMSATHYGLI, HEFÐI MAÐUR GENGIÐ ÚT Í HLÉI.**

**NIÐURSTAÐA:** Spennulausir og klisjukenndir spennuþættir sem valda margþættum vonbrigðum og vekja miklu frekar furðu en áhuga á persónum og leikendum.



# Ertu að kljást við mæði?

Doktor.is

Hver kannast ekki við það að verða móður, það er hinn eðlilegasti hlutur, sérstaklega ef maður er að reyna á sig. Þarna er líkaminn að stýra orkuþörf sinni og segir til um það magn súrefnis sem hann krefst til að efnaskipti okkar gangi upp, auk þess sem hann er að losa sig við úrgangsefni. Þarna er í grunninn lýst starfsemi lungnanna á mjög einfaldaðan hátt. Öll vitum við að okkur er nauðsynlegt að anda og að án súrefnis getum við ekki lifað. Við verðum tilfinnanlega vör við það ef við höldum niðri í okkur andanum að það gengur ekki endalaust, líkaminn berst á móti og vill fá súrefni.



Þeir sem eru aktífir og stunda íþróttir eða hvers kyns áreynslu þekkja líka þá vellíðan sem því fylgir þegar henni er lokið, ákveðin sælutilfinning færist yfir viðkomandi. Við vitum í dag að hreyfing hvers konar hefur áhrif á andlega sem líkamlega líðan auk þess sem hún bætir svefn, meltinguna og ýmislegt fleira. Þetta byggir hins vegar mikið á því að viðkomandi sé hraustur og þegar hann reynir á sig þá geti hann hvílst og endurnærst í kjölfarið.

Sá sem er með langvinnan lungnasjúkdóm samanber lungnateppu eða viðlíka upplifir ekki þessa vellíðan. Hann er alla jafna í súrefnisskorti og upplifir streitu, vanlíðan og jafnvel stöðuga köfnunartilfinningu. Þegar slíkur einstaklingur reynir á sig versnar ástandið til muna og það getur tekið langan tíma að jafna sig. Jafnvel minnsta áreynsla, eins og að standa upp úr stól og ganga fram á klósett, getur reynst álíka erfitt og heilt maraþon fyrir þann hrausta. Þá eru lungun miklu viðkvæmari fyrir sýkingum og kvillum sem gerir það að verkum að oftar en ekki er mun meiri þörf fyrir stuðning í formi innöndunarlyfja, stera, sýklalyfja og jafnvel súrefnis.

Nú er það svo að langvinn lungnateppa þróast yfirleitt á löngum tíma. Meginorsök hennar í dag er vegna reykinga eða einhvers konar annarra eiturefna sem viðkomandi andar að sér yfir einhvern tíma. Annar býsna algengur sjúkdómur sem herjar á lungun og veldur keimlíkum einkennum er astmi, orsök hans er oftar en ekki tengd ofnæmi hvers konar eða áreiti eins og kulda eða áreynslu. Sá sem er svo vitlaus að reykja áttar sig oft ekki á því að það er ekki til nein regla á því hversu lengi hann má gera slíkt þar til hann fær sjúkdóminn, þó iðulega taki það mörg ár. Ekki fá allir reykingamenn lungnateppu þó flestir þrói með sér versnandi lungnastarfsemi með árunum. Mjög margir fá krabbamein sem getur dulist lengi og greinst of seint því áreitið af reykingunum framkallar hvort eð er hósta og slímmyndun. Það er kallaður reykingahósti, sem einstaklingurinn venst furðu vel. Hann er því ekki eins vakandi fyrir breytingum á lungnastarfseminni og aðrir.

Almennt er hægt að segja að reykingar eigi sér engar málsbætur, alveg sama hversu mikið menn reyna að malda í móinn með það. Hið sama gildir um aðrar tegundir tóbaks, hvort sem því er troðið í pípu, nef eða munnhol. Flestir eru hræddir við að greinast með krabbamein hvers konar og er slíkur sjúkdómur auðvitað hræðilegur, oft greinist lungnamein of seint, því miður og reynist því ekki læknanlegt. Það merkilega þykir mér þó er hversu lítið er fjallað um þau lífsgæði sem glatast við það að vera með langvinnan lungnasjúkdóm. Oft flækist málið með öðrum til viðbótar eins og kransæðasjúkdómi og ýmsum fleiri, en gefum okkur það að einstaklingur þjáist fyrst og fremst af lungnateppu, krónískum bronkítis, lungnaþembu eða hvað við viljum kalla þann alvarlega vanda sem orsakar það að fá ekki nóg súrefni. Stöðug mæði, köfnunartilfinning, þreyta, slappleiki, höfuðverkur, einbeitingarleysi, megrun og síðast en ekki síst andleg vanlíðan eru einkennin auk þess að komast ekki spönn frá rassi nema draga með sér súrefniskút hjá þeim sem eru með langt genginn sjúkdóm, jafnvel til að fá sér smók!

Þetta ástand getur varað í mörg ár með nútíma læknisfræði og stuðningi en hvers konar lífsgæði eru það? Verjum lungun, segjum nei við tóbakinu! Þið hin sem eruð þegar byrjuð, það er NÆSTUM því aldrei of seint að hætta að reykja!

Teitur Guðmundsson
læknir

A4

# Garndagar

*30. janúar – 10. febrúar*



**20%**
**afsláttur**
**af öllu garni &**
**hannyrðavörum**

WWW.A4.IS
/A4VERSLANIR

KRINGLUNNI
SKEIFUNNI
AKUREYRI
SMÁRALIND
EGILSSTÖÐUM
HAFNARFIRÐI
SELFOSSI

Dagskráin á Hringbraut



Birna Einarsdóttir
bankastjóri Íslandsbanka
og ein áhrifamesta konan í íslensku athafnalífi er gestur Sigmundar Ernis á persónulegu nótunum í Mannamáli kvöldsins – á meðan hún glímdi við eigin veikindi tók hún við hrundum banka og reisti hann við ...

Mannamál er í boði Betolvex B12 vítamín

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!





Heiðrik gaf út lag sem kom út í vikunni. Hann er frá Færeyjum og lærði í Listaháskóla Íslands.

# Ísland fékk mig til að taka sénsinn

**Tónlistarmaðurinn Heiðrik gaf út nýtt lag í gær. Hann er frá Færeyjum en gekk í Listaháskóla Íslands. Hann segir það hafa verið erfitt að vera samkynhneigður í Færeyjum en tekur það út í tónlistinni.**

Lagið fjallar um enda á stuttu ástarsambandi. Ég viðurkenni alveg að það sé ákveðin biturð og von um að hin manneskjan sjái eftir öllu. Viðlagið er vissulega glaðlegt en orðin segja annað. Mögulega er þetta svona karlkyns svar við öllu sem Taylor Swift er að gera," segir Heiðrik og brosir.

**Ákveðin hreinsun**

Lagið sjálft fjallar um sambandslok og hans eigin biturð varðandi það. Heiðrik lítur á það sem ákveðna hreinsun að hafa samið og gefið út lag sem fjallar um það hvernig honum leið.

„Ég hef verið að semja og gefa út frá því ég var unglingur. Stundum gleymir maður sjálfum sér, en oft er það til hins betra. Maður finnur betur sína eigin rödd og hugsjónir," segir hann.

Heiðrik segist fá innblástur úr öllum áttum.

„Eflaust eru það sögur, sögur sem ég heyri. Ég hugsa líka mjög sjónrænt, þannig að ef ég upplifi ákveðna hluti þá hugsa ég strax um tónlistina sem myndi passa við. Það skiptir mig máli að gera tónlist sem fjallar um hluti sem er ekki oft snert á. Mér finnst ekkert sérstaklega áhugavert að syngja ástarlög sem eru alveg venjuleg, ég vil eitthvað öðruvísi."

Heiðrik hefur búið hér á landi í nokkur ár, en honum hefur liðið afskaplega vel á Íslandi.

„Auðvitað eru tungumálin lík. Menningin og húmorinn eru það líka. Ég þarf aldrei að útskýra fyrir Íslendingum ef ég segi einhvern brandara. Við verðum að gera það, við erum fá, ef þú segir eitthvað ömurlegt um einhvern þá mögulega hittir þú manneskjuna daginn eftir í búð," segir Heiðrik og hlær.

> **ÞAÐ SKIPTIR MIG MÁLI AÐ GERA TÓNLIST SEM FJALLAR UM HLUTI SEM ER EKKI OFT SNERT Á. MÉR FINNST EKKERT SÉRSTAKLEGA ÁHUGAVERT AÐ SYNGJA ÁSTARLÖG SEM ERU ALVEG VENJULEG, ÉG VIL EITTHVAÐ ÖÐRUVÍSI.**

**Þakklátur**

Hann segir þó muninn á Færeyingum og Íslendingum augljósan.

„Við höldum meira aftur af okkur, Íslendingar eru meira í því að gera bara. Á klikkaðan en rosalega góðan hátt. Íslendingar hika ekki við neitt og taka oft áhættu. Stundum finnst mér þið gera það of mikið, en ef eitthvað er þá finnst mér það betra.

Færeyingar, ég veit að við erum ekki mörg, þannig að okkur líður smá eins og litla frændanum. Við vitum að við erum fámenn, en góðmenn. Það er samt alveg ótrúlega mikið af hæfileikaríkum Færeyingum. Ég er samt þakklátur Íslendingum því þið kennduð mér að taka áhættuna, sénsinn og bara að gera."

Fyrir utan fjölskylduna sína saknar Heiðrik ekki margs.

„Náttúran er svipuð og fólkið líka, hvernig það hugsar. Því miður er veðrið líka eins," segir Heiðrik, hlær og heldur áfram: „Já, eflaust ef ég byggi annars staðar þá myndi ég sakna Færeyja meira."

Heiðrik stundaði nám við Listaháskóla Íslands.

„Fyrir utan það að gera tónlist þá skapa ég annað. Ég geri myndverk og mála. Ég geri til dæmis alla listina sem fylgir tónlistinni minni. Ég gerði til dæmis myndband fyrir Eivöru Pálsdóttur. Ég er duglegur að fylgja líka þeirri hlið, að gera myndbönd og teikna," segir Heiðrik.

**Miðbærinn í uppáhaldi**

Uppáhaldsstaður Heiðriks á Íslandi er miðbærinn því hann minnir hann mikið á Færeyjar.

„Ég elska andann sem liggur yfir. Hann minnir mig á Færeyjar. Gömul hús og kettir úti um allt. Mér líður alveg ótrúlega vel hérna."

Síðasta plata Heiðriks, Funeral, fjallaði mikið um þá erfiðleika að vera samkynhneigður í Færeyjum.

„Ég er á því að þetta mál hafi verið kannski smá ýkt, en það að þetta hafi komist í umræðuna hjálpaði samt mikið. Þetta er vandamál, ekki bara í Færeyjum, heldur alls staðar. Fyrir mig var mjög erfitt að vera samkynhneigður í Færeyjum og ég er enn að tækla afleiðingarnar. En það var ákveðið og mikið kynslóðabil. Þau höfðu ekki einu sinni sjónvarp, þótt þau hlustuðu á David Bowie og Kate Bush. Hérna í Færeyjum er mikið af góðu fólki. Fólk sem svo sannarlega var og er ekki vont, heldur upplifði ákveðna einangrun og skoðanir þess lituðust af því. En sem betur fer er það að breytast," segir Heiðrik.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BYKO

# Nýtt blað

## á byko.is

Ljós | Málning | Verkfæri | JKE innréttingar | Parket & flísar | Eldhús & bað




Frábær tilboð

JKE
NORDIC KITCHEN DESIGN



Innréttingar 25% afsláttur

**Tilboðsverð**

**Interiør 10**

Lyktarlítil vatnsþynnanleg akrýl innimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrífa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**9.436**

80602709

Almennt verð: 11.795

Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.048

9L.




4L.




Frábært verð! Gerðu verðsamanburð! Verð á lítra 1.519

**Tilboðsverð**

**Innimálning**

Kópal 4l. hvítt

**Gljástig 25**

**6.076**

86610040

Almennt verð: 7.595

Vistvænt

# Öll innimálning 20% afsláttur

**vegg- og loftamálning**

*Þegar þú málar er vert að hafa í huga*

- Gott er að bletta yfir viðgerð með þeim lit sem mála á með áður en málun hefst.
- Þú færð góða hulu með því að fara tvær umferðir en það fer eftir aðstæðum.
- Gott er að geyma rúllu og pensla í plastpoka milli umferða og spara þannig óþarfa þvott.
- Ef notað er málningarlímband þarf að fjarlægja það af fletinum eins fljótt og auðið er. Ef líður meira en sólarhringur getur orðið vandamál að fjarlægja það.
- Ekki þarf að dýfa penslinum meira en 1/3 - 2/3 ofan í málninguna. Þá fer málning síður til spillis sem annars þyrfti að þrífa úr penslinum.

**Þú finnur fleiri góð ráð á www.byko.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

# Ánægðustu viðskiptavinirnir þriðja árið í röð!*

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018 og 2019 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Takk aftur!



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Torg. ehf DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is




BAKÞANKAR

Thomasar Möller



# Glöggt er gests augað

Ég spyr oft útlendinga á ferð um landið hvernig þeim líkar dvölin og hvernig landið okkar kemur þeim fyrir sjónir. Algengasta hrósið er um hreina loftið, góða vatnið, þögnina sem ríkir í óbyggðum og víðernið. Helsta umkvörtunarefnið er verðlagið og lausaganga búfjár og bíla!

Spænsk hjón sem ég hitti í Reynisfjöru sögðu mér að við Íslendingar gerðum okkur enga grein fyrir því hvað náttúra landsins væri algjörlega einstök. Þýskur ferðamaður sagði mér að hann hefði í fyrsta sinn á ævinni drukkið vatn úr læk þegar hann var hér í fríi. Frönsk hjón á húsbíl í Skaftafelli sögðu mér að landið okkar væri eitt samfellt ævintýraland.

Fjölskylda frá Seattle sagði mér að Hornstrandir væru fallegasta svæði sem þau hefðu ferðast um. Dani sagði mér eitt sinn að helsti ósiður okkar væri að hafa bíla í gangi meðan skroppið væri í verslanir og kindur að hlaupa í veg fyrir bílinn hans.

Breti, búsettur á Íslandi sem ég ræddi við meðan við dældum bensíni á bílana okkar kvartaði sáran undan verðlagi á matvöru og víni hér og háum sköttum.

Það er ljóst að orsakanna er að leita meðal annars í verndartollum á matvælum, háum vöxtum og ofursköttum á víni og bjór. En er skýringin hve dýrt landið okkar er í opinberum rekstri?

Á Íslandi búa um 340 þúsund manns. Í Tempelhof-Schöneberg hverfinu í Berlín sem ég bjó í á námsárum mínum búa í dag 335 þúsund manns. Hverfinu er stjórnað af 55 manna hverfisstjórn.

Við erum með 72 sveitarfélög, um 175 ríkisstofnanir, um 20 sendiráð, um 650 nefndir og ráð á vegum ríkisins. Er hugsanlegt að þarna liggi tækifæri til hagræðingar og lækkunar á sköttum okkar? Ég bara spyr.










Salötin & Hummusinn
★ GERIR KRAFTAVERK ★
— FYRIR DAGLEGT BRAUÐ —

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO



# Tjónlausir viðskiptavinir njóta betri kjara

**Í 25 ár hefur Sjóvá verið eina íslenska tryggingafélagið sem umbunar fyrir tjónleysi með stofnendurgreiðslu. Árið 2019 fengu 24.500 fjölskyldur í Stofni, vildarþjónustu okkar, alls 570 milljónir króna í endurgreiddum iðgjöldum.**

Okkur finnst sanngjarnt að þeir sem halda tryggð við félagið og lenda ekki í tjóni fái hluta iðgjalda endurgreiddan og njóti betri kjara. Fyrirkomulagið er frekar einfalt, ef þú átt rétt á endurgreiðslu er hún lögð sjálfkrafa á reikninginn þinn mánaðamótin eftir að þú endurnýjar hjá okkur þínar tryggingar.

Stofnfélögum stendur ekki aðeins til boða endurgreiðsla heldur njóta þeir jafnframt meiri þjónustu, eins og vegaaðstoðar, afsláttar af barnabílstólum og dekkjum, ásamt öðrum fríðindum. Rúmlega 35.000 fjölskyldur eru í Stofni og stöðugt bætast fleiri í hópinn.



**Það er fátt leiðinlegra en bílavesen en Vegaaðstoð Sjóvá getur komið til bjargar.**

**24/7**

- Ef þarf að skipta um sprungið dekk
- Ef bíllinn er straumlaus
- Ef bíllinn er bensínlaus
- Allan sólarhringinn, víðsvegar um landið
- Allt að þrisvar sinnum á ári, án endurgjalds

# Símnotkun undir stýri er vandamál sem við viljum laga

Starfsfólk Sjóvá býr að áratugalangri reynslu í forvörnum og við stundum forvarnastarf af kappi. Síðustu ár hefur áhersla okkar að talsverðu leyti verið á að ná niður símnotkun undir stýri sem er alvarlegt vandamál í þjóðfélaginu.

**Rannsóknir** Við höfum framkvæmt kannanir með reglubundnum hætti til að hjálpa okkur að vinna markvissara forvarnastarf.

**Samfélagsleg ábyrgð** Við vinnum náið með fyrirtækjum og einstaklingum að því að draga úr tjónum og auka öryggi fólks. Hvort sem það er í umferðinni, á vinnustaðnum eða heima við.




# Ánægðir viðskiptavinir og ánægt starfsfólk

**Ein af grundvallarforsendum góðrar þjónustu er ánægt starfsfólk. Rannsóknir sýna að starfsfólk Sjóvá ber traust til stjórnenda félagsins, finnst vera tekið mark á því og hlustað á það, ásamt því að tryggð við vinnustaðinn mælist mikil.**

Sýn Sjóvá er að vera tryggingafélag sem þér líður vel hjá, hvort sem um er að ræða viðskiptavini eða starfsfólk. Við viljum byggja áfram upp og viðhalda góðri fyrirtækjamenningu þar sem við einblínum á þarfir viðskiptavina, opin samskipti og jafnrétti.




Starfsánægja skiptir okkur miklu máli og vinnum við stöðugt að því að bæta hana.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Síðustu ár hefur starfsánægja hjá okkur mælst með því hæsta hér á landi samkvæmt könnunum Gallup. Þá höfum við fengið nafnbótina Fyrirtæki ársins í könnun VR síðustu tvö árin sem við erum stolt af.

**Hvetjandi vinnustaður**
Okkur finnst mikilvægt að það sé gaman í vinnunni og að starfsfólk fái hvatningu til að gera stöðugt betur. Við erum með átaksmánuði á hverju ári þar sem við setjum okkur mælanleg markmið um að bæta ákveðna þætti innan félagsins eins og þjónustugæði, afgreiðslutíma tjóna, frumkvæði og upplifun viðskiptavina.

# Skýr jafnréttisstefna

Við vitum að með jafnrétti næst meiri árangur og við erum með skýra jafnréttisstefnu sem nær jafnt til launaákvarðana, ráðninga, stöðuveitinga og annarra tækifæra. Við greiðum samkeppnishæf laun og gætum þess að sömu laun séu greidd fyrir sambærilega vinnu, menntun og reynslu.

Jafnrétti skiptir viðskiptavini stöðugt meira máli við val á þjónustuaðilum. Sjóvá er stolt af því að vera í fararbroddi í jafnréttismálum og höldum við ótrauð áfram á þeirri vegferð.

JAFNLAUNAMERKIÐ

Jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins.

GEMMAQ

Fyrsta og eina skráða félagið til að fá fullt hús eða 10 á nýjum kynjakvarða GEMMAQ.

# Góð þjónusta um allt land

Fyrir marga er mikilvægt að geta talað við fólk en ekki tölvur. Sjóvá er með þjónustunet um allt land og í ellefu útibúum félagsins, utan höfuðborgarsvæðisins, starfa meira en 30 manns með fjölbreytta menntun og reynslu. Við erum einnig með 12 umboðsmenn og þjónustuaðila til viðbótar á landsbyggðinni.



# Það skiptir máli að vera rétt tryggð

**Aðstæður allra geta breyst með tímanum og það er okkur mikið kappsmál að viðskiptavinir okkar séu alltaf rétt tryggðir. Þess vegna sýnum við frumkvæði og höfum samband þegar við sjáum að aðstæður breytast.**

Fátt gleður viðskiptavini meira en þegar við erum einu skrefi á undan og búin að leysa vandamál þeirra áður óskað er eftir því.

Við höfum stóraukið frumkvæðisnertingar við viðskiptavini síðustu ár sem hefur skilað sér í betri tryggingavernd og aukinni ánægju viðskiptavina.

Árið 2019 hringdum við

**9.228**

símtöl, að okkar frumkvæði, í viðskiptavini til þess að fara yfir þeirra tryggingavernd.





# Tryggingar á mannamáli

Tryggingar eru stundum óþarflega flóknar og við erum stöðugt að vinna að því að miðla upplýsingum á einfaldari hátt til viðskiptavina. Við höfum unnið að því að gera vörur okkar bæði skiljanlegri og aðgengilegri til þess að gera viðskiptavinum auðveldara að eiga við okkur samskipti.



# Ykkar ábendingar gera þjónustuna betri

**Daglega fáum við ábendingar, kvartanir og hrós sem við höfum lagt okkur fram við að nýta. Sem þjónustufyrirtæki lítum við á þetta sem tækifæri til þess að bæta upplifun viðskiptavina.**

Á hverjum degi sendum við út þjónustukannanir til viðskiptavina sem hafa nýlega verið í samskiptum við okkur.




*Þróun ábendinga í þjónustukönnunum.*

Við leggjum okkur fram við að bregðast alltaf við, hvort sem það er ábending, kvörtun eða hrós. Fastir ferlar eru innan félagsins í þessum málum sem fela m.a. í sér að settir eru tveir ábyrgðaraðilar á alla endurgjöf sem kemur frá okkar viðskiptavinum. Fylgst er með því daglega hvort búið er að svara þeim. Þannig verður þjónusta okkar við viðskiptavini sífellt betri.

Okkar markmið er og verður alltaf að einblína á upplifun viðskiptavina, ekki út frá því hvað hentar okkur, heldur út frá því hvað hentar þeim. Þannig gerum við tryggingar betri.

**89%**

viðskiptavina gefa okkur einkunn á bilinu átta til tíu í þjónustukönnunum okkar.